Aldarafmæli ÍR á glæsilegu eigin svæði eftir hálfrar aldar baráttu fyrir athvarfi í borginni

Íþróttafélag Reykjavíkur hefur verið deildaskipt í nær 60 ár og því hafa málefni einstakra íþróttagreina í aðalatriðum verið á könnu stjórna viðkomandi deilda á þeim tíma. Með mörg stærri mál sín hafa þær þó leitað fulltingis og aðstoðar aðalstjórnar félagsins. Má þar nefna ráðningu erlendra þjálfara í frjálsíþróttum um og upp úr miðri síðustu öld og síðar ráðningu erlendra þjálfara í hand- og körfubolta. Félagið hafði reyndar ekki starfað lengi er ýmis mál voru falin sérstökum starfsnefndum, svo sem frjálsíþróttanefnd, glímunefnd og sundnefnd. Eftir kaup félagsins á Kolviðarhóli í apríl 1938 var skipuð sérstök rekstrarnefnd fyrir staðinn og markaði tilkoma hennar upphafið að skíðadeild ÍR en allar götur síðan hafði hún umsjón með skíðalöndum félagsins og uppbyggingu þeirra. Með þessu er ekki sagt að aðalstjórn félagsins hafi úthýst verkefnum sínum og ekki haft mikið til að sýsla með. Öðru nær, hún hefur allt frá fyrsta degi og fram á daginn í dag haft mikil og stór verkefni á sinni könnu. Þeim helstu verða gerð skil hér; áratugalangri baráttu félagsins fyrir úthlutun félagssvæðis; kaupunum á ÍR-húsinu; kaupunum á Kolviðarhóli og skíðalöndum sem óbyggðanefnd taldi sig ekki geta fellt undir þjóðlendur; kaupunum á Tívolígarðinum 1952 sem félagið hugðist efnast á og loks flutningi ÍR í Breiðholt 1970 og uppbyggingu félagssvæðisins þar.

Árið 1946 leyfði Reykjavíkurbær hlutafélaginu Tívolí að byggja skemmtigarð í Vatnsmýrinni og veitingahús á sama stað án allra kvaða. Þar sem ÍR hafði verið úthlutað athafnasvæði til íþróttastarfsemi á landinu gegnt Tívolígarðinum við Njarðargötu töldu forráðamenn félagsins ekki óeðlilegt að kaupa eignir skemmtigarðsins og tengja þannig saman fjáröflun og íþróttaframkvæmdir.

ÍR keypti eignir Tívolís árið 1952 í þeim tilgangi að reka skemmtigarðinn og veitingahúsið Vetrargarðinn áfram, til þess að hafa af því tekjur fyrir íþróttastarfsemi félagsins og uppbyggingu íþróttamannvirkja á félagssvæðinu meðan erfiðast væri um fjáröflun til þeirra. Gengu forsvarsmenn ÍR út frá því að reksturinn myndi skila félaginu drjúgum tekjum og standa undir kostnaði við starfsemi þess. Eignir

Auglýsing frá 1928 um starfsemi ÍR.

þessar áttu eftir að verða félaginu fjárhagsleg lyftistöng. Þá var ætlunin að íþróttamenn félagsins ynnu í garðinum eins og um fjölskyldufyrirtæki væri að ræða. Minna varð úr því en ætlað var því skemmtigarðurinn var opinn fyrst og fremst um helgar en á sama tíma fóru íþróttamótin fram.

Góðar tekjur af Tívolí fyrst um sinn

Í öndverðu var sú ákvörðun tekin að leigja út rekstur garðsins ásamt veitingahúsinu og var það lengst af svo. Afraksturinn rann til greiðslu á kaupverði eignanna sjálfra annars vegar og til íþróttastarfsemi félagsins hins vegar. Tekjur þær sem ÍR hafði af Tívolíeigninni voru undirstaða í tekjuöflun félagsins en þær námu nærfellt tveimur milljónum króna á fyrstu tíu árunum sem félagið átti garðinn og það sem honum fylgdi. Aðalleigutekjurnar voru þó af Vetrargarðinum.

Fyrstu árin gekk reksturinn vel og mikil aðsókn var að Tívolí. Garðurinn var vettvangur hátíðahalda félagasamtaka. Þar var þjóðhátíðardagurinn haldinn hátíðlegur, einnig verslunarmannahelgin og sjómannadagurinn, svo eitthvað sé nefnt. Skrúðgöngur enduðu þar jafnan og fegurðarsamkeppnir voru þar haldnar við miklar vinsældir. Því var oft krökkt í garðinum en á þessu varð breyting, ekki síst er verslunarmenn tóku að leita út í sveitir um fríhelgi sína. Og eftir að fegurðarsamkeppnirnar fóru úr garðinum þrengdist stakkurinn. Þess var freistað að snúa þróuninni við með því að koma upp vísi að dýragarði í Tívolí. Voru ljón, tígrisdýr, slöngur, apar og skjaldbökur, svo nokkuð sé nefnt, fengin að utan og höfð til sýnis

yfir sumarmánuðina en send aftur út þegar fór að kólna. Fyrst um sinn jókst aðsóknin aftur við þetta framtak.

Guðmundur Þórðarson, sem rak Tívolígarðinn síðustu þrjú árin, tekur svo til orða í viðtali tæpum tveimur áratugum eftir lokunina að meðal skemmtilegra gesta hafi verið vistfólk á elliheimilinu Grund. Þegar það heimsótti staðinn í hópum hafi það bókstaflega gengið í barndóm; ærslast, hoppað og híað. Ekki hafi Grænlendingar verið skárri, erfitt sé að lýsa gleði hóps þeirra er þeir sáu undrin fyrsta sinni í heimsókn til Íslands. Alskemmtilegasti gesturinn hafi þó verið bóndi austan úr Flóa sem fór beint í speglasalinn og stóð þar þangað til lokað var. Eftir margra tíma stöðu fyrir framan speglana hafi hann farið með bros á vör úr Tívolínu við lokun síðla kvölds.

Í febrúar 1962 kippti heilbrigðisnefnd Reykjavíkur grundvellinum undan rekstri Vetrargarðsins er hún veitti aðeins bráðabirgðaleyfi til veitingarekstrs á skemmtistað þessum. Var það endurnýjað og framlengt til áramóta en fellt endanlega úr gildi þá. Þrátt fyrir eftirrekstur ÍR taldi hvorki nefndin né framkvæmdastjóri hennar, borgarlæknir, sig skulda félaginu neinar skýringar á ákvörðun sinni. Og það ekki þótt nefndin hefði með einni fundarsamþykkt gert eignir félagsins tiltölulega verðlausar.

Lokun Tívolís kom hart niður á félaginu

Hvorki félaginu né leigutaka garðsins var kunnugt um annað en að í einu og öllu hefði verið farið eftir kröfum heilbrigðis- og lögregluyfirvalda borgarinnar um aðbúnað allan í húsinu og við það. Lögreglan staðfesti, þegar í þrætum stóð við borgina út af þessu, að

Tívolí

allur umgengnisbragur í veitingahúsinu síðustu árin hefði verið með þeim hætti að ekki hefði þurft að honum að finna. Upplýsti lögreglan að leigutakinn fullnægði öllum þeim kröfum er til rekstursins voru gerðar.

Þrátt fyrir amann sem fylgt hafði eignarhaldinu var ljóst að lokun Tívolís og Vetrargarðsins myndi valda ÍR talsverðum búsifjum. Í fyrsta lagi myndi það verða af tekjum sem staðið höfðu undir íþróttastarfsemi félagsins. Í öðru lagi vegna um 430 þúsund króna ógreiddra eftirstöðva vegna kaupanna á Tívolí og í þriðja lagi vegna leigu sem greidd hafði verið fyrirfram út leigutíma sem rann út tæpu ári eftir stöðvun rekstursins. Þeirri leigu hafði



ÍR söngurinn.



verið ráðstafað og sáu forráðamenn ÍR ekki hvaðan félaginu ætti að koma fé til að endurgreiða þá leigu og hugsanlegar skaðabætur fyrir samningsrof gagnvart leigutakanum. Tjón félagsins af lokuninni gat því orðið gífurlegt.

Útlit var ennfremur fyrir að íþróttastarfsemi ÍR, sem var ein sú umfangsmesta hjá einu félagi í landinu, myndi lamast stórlega. Forsvarsmenn ÍR hryllti við þeirri sýn og bundu þeir vonir við að borgin kæmi til móts við félagið þar eð forráðamönnum



mætti hafa verið kunnugt um hversu snar þáttur starfsemi ÍR hefði verið í íþróttalífi borgarinnar.

Freistaði ÍR því þess að fá borgarstjórnina til að slá framkvæmd ákvörðunar heilbrigðisnefndarinnar á frest eða breyta henni svo félagið fengi tilskilinn tíma til að vinna að þeim umbótum sem krafist var eða ráðstafa eignunum. Til vara var ákveðið að bjóða borginni Tívolíeignirnar til kaups fyrir verð er ekki gæfi minni tekjur en þær hefðu gefið félaginu næstu árin á undan.

Erindi þess efnis var lagt formlega fyrir borgarstjórann í október 1963. Níu dögum síðar svarar Geir Hallgrímsson því og segir að á fundi borgarráðs hafi tilboði um kaup borgarinnar á eignum hlutafélagsins Tívolís verið hafnað. Þar með var Tívolí orðið að hálfgerðum drápsklyfjum og voru þær ekki langt frá því að ríða félaginu að fullu.

Hafi Tívolí og Vetrargarðurinn gefið af sér drjúgar tekjur til félagsins framan af, þá hafði það nokkurn ama af þessum eignum sínum á seinni helmingi eignartímans vegna viðskilnaðar eða vandamála rekstraraðila. Leigjendur Tívolís kipptu oftar en ekki að sér höndum og féllu frá áformum um leigu til margra ára ef reksturinn fyrsta árið gaf ekki nógu mikið af sér. Þá varð a.m.k. einn

Tívolí

rekstraraðilanna gjaldþrota og gat ekki innt af hendi lögboðin gjöld sem voru því felld á félagið sem eiganda mannvirkjanna.

Tívolígarðurinn yfir að líta eins og borg eftir loftárás

Enginn rekstur fór fram í Tívolí eða Vetrargarðinum árið 1963. Samhliða því sem félagið átti í samskiptum við borgaryfirvöld vegna málsins var leitað annarra leiða til að koma eigninni í verð. Tókust loks samningar á afmælisdegi ÍR 1964 um sölu eignarinnar til skipafélagsins Hafskipa sem hugðist nota hús og byggingar á lóðinni undir vörugeymslur. Umsamið verð var 800.000 krónur. Ekki var afraksturinn mikill því upphæðin rann m.a. til greiðslu eftirstöðva af kaupverði og ÍR hafði auk þess talsverðan kostnað af hreinsun svæðisins. Tafði það afhendingu svæðisins að erfiðlega gekk að selja leiktæki Tívolígarðsins. Fáir höfðu not fyrir hringekjur, bátarólur, tjarnarbáta, spéspegla, garðbekki, borð og stóla og rafmótora sem tilheyrðu ýmsum tækjum garðsins. Var því mörgu hent svo afhenda mætti svæðið á tilsettum tíma.

Þó var Parísarhjólið, eitt tilkomumesta tæki garðsins, selt til Danmerkur. Þá höfðu einhverjir fundið hjá sér hvöt til að kveðja garðinn og samkomuhús staðarins með því að brjóta og eyðileggja tæki og byggingar og stela því sem þar var verðmætast. Við samninga um kaup Hafskipa á Tívolí var garðurinn yfir að líta eins og borg eftir loftárás. Að mati fróðra manna voru verðmæti upp á milljónir í garðinum þegar hann var síðast í notkun. Stór hluti þeirra fór forgörðum við skemmdarstarfsemina.

Svo sem venja er um stórar ákvarðanir í félaginu varð formannafélagið að leggja blessun sína yfir málið og heimila aðalstjórn félagsins að selja eignirnar. Einn formannanna, Sigurliði Kristjánsson, betur þekkur sem Silli í kaupmannatvíeykinu Silla og Valda, var alfarið á móti sölunni til Hafskipa. Með henni varð Tívolígarðurinn ekki rekinn framar og Reykvíkingar sóttu þangað ekki lengur leiki og dægrastyttingu. Við lokunina áttu margir þaðan skemmtilegar minningar. Sumir höfðu setið með elskunni sinni í Parísarhjólinu, aðrir þotið um í hringekjunni, enn aðrir stigið dans á palli garðsins í ljósadýrð, einhverjir ráfað um skotbakka og speglasali og allir höfðu hyllt fegurðardísir á leiksviðinu.

Mikið og misjafnt orð fór af Vetrargarðinum. Þótti þar oft ærið glatt á hjalla en staðurinn var utan við meginbyggðina í bænum. Miðvikudagskvöld gengu undir öðru nafni í skemmtanalífinu, „kanakvöldin“ voru þau kölluð því þetta voru einu kvöld vikunnar sem bandarísku hermennirnir á Keflavíkurflugvelli máttu vera á almannafæri. Sóttu þeir í Vetrargarðinn. Á miðnætti lauk útivistartíma þeirra. Skömmu áður yfirgáfu hermennirnir staðinn, ósjaldan í fylgd innfæddra kvenna.

Kaupin á Kolviðarhóli stórvirki

Í forystusveit ÍR hafa öllum stundum verið stórhuga menn. Það á ekki síst við um þá sem stóðu fyrir kaupunum á gistihúsinu og jörðinni að Kolviðarhóli á Hellisheiði 10. apríl 1938 fyrir 45.000 krónur. Þangað höfðu félagsmenn vanið komur sínar um skeið til skíðaiðkana er þeir ákváðu að mæta vaxandi áhuga á hollri útiveru til fjalla með því að kaupa staðinn í því skyni að byggja



Kolviðarhóll um 1930.

þar upp veglegt íþróttasetur; miðstöð vetrar- og útiíþrótta. Áformaði félagið að gera staðinn þannig úr garði að hann gæti einnig orðið eftirsóttur hvíldarstaður á sumrin. Þaðan þótti tilvalið að fara í fjallgöngur enda ekki nema um tveggja stunda gangur frá Kolviðarhóli upp á efsta tind Hengils. Auk þess sem staðurinn gagnaðist skíðafólki vel dvöldu frjálsíþróttamenn þar við æfingar og árlega var þar haldinn svonefndur Kolviðarhólsdagur þar sem keppt var m.a. í frjálsíþróttum, knattspyrnu, reiptogi og svonefndri glennu en hana vann sá sem klofað gat lengst í fimm skrefum.

Fyrir kaupunum á Kolviðarhóli stóðu Jón Kaldal, Árni B. Björnsson, Sigurliði Kristjánsson, Helgi Jónasson frá Brennu, Ágúst Jóhannesson og

Ásgeir L. Jónsson. Ásamt því að kaupa gistihúsið keypti ÍR jörð býlisins líka. Og í þágu uppbyggingar skíðasvæðisins varð Ölfushreppur við beiðni félagsins og gaf því landspildu austan Kolviðarhóls undir skíðabrekkur sem ÍR vildi þó kaupa. Mörk hennar að norðan og austan náðu „úr hæsta tindi Reykjafells í vörðu á Skarðsmýrarfjalli merktri með hæðartölunni 570 og þaðan í Sleggju“. Að vestan takmarkaðist hún við landamerki Kolviðarhóls en þau lágu „úr hæsta hnúk á Reykjafelli sjón hending í Þverfell, þaðan beint í Sleggju“, eins og sagði í veðmálabókum en þar var getið um gefnu spilduna sérstaklega og ekki sem hluta af Kolviðarhólsjörðinni, sem átti eftir að nýtast félaginu vel í byrjun 21. aldarinnar. Vegna gjafarinnar sendi stjórn ÍR Ölfushreppi þakkarbréf sem í voru 500 krónur sem félagið óskaði að yrðu látnar renna til sundlaugar sem þá var áformað að byggja í Hveragerði. „Fátt gat glatt okkur Kolviðarhólsmenn meir en þessi landaukning upp á fjallseggjar,“ sagði í bréfinu.

Gjöf hreppsins var að nokkru leyti komin til af því að sumarið 1938 aðstoðuðu ÍR-ingar við smíði búningsklefa við sundlaugina í Hveragerði. Mættu þeir óumbeðnir austur á bílum, hlöðnum timbri, og reistu klefana á skömmum tíma. Vildu Hvergerðingar því endurgjalda þessa aðstoð með því að gefa ÍR umrætt landsvæði en skíðadeild félagsins var þá farin að standa fyrir námskeiðum við Kolviðarhól.

Miklar breytingar voru gerðar á gistihúsinu þannig að það rúmaði um 100 næturgesti. Nokkrum mánuðum eftir kaupin var gistihúsið orðið eitt hið vistlegasta á landinu. Miklu varðaði um framtíð Kolviðarhóls að ÍR fékk frú Valgerði Þórðardóttur, sem þekkt var að rausn sinni, til að veita gistihúsinu forstöðu eftir að hún seldi félaginu jörðina.

ÍR-ingar hófust þegar handa við að fegra staðinn og gera hann sem best úr garði til íþróttaiðkunar. Félagsmenn inntu af hendi mikla sjálfboðavinnu í þessu skyni. Auk þess dvöldust 25 piltar á aldrinum 14–18 ára í vinnuskóla Reykjavíkurborgar sjö vikur að Kolviðarhóli sumarið 1939 við framkvæmdir sem allar miðuðu að því að gera Kolviðarhól að hæfum íþróttastað. Grjót var hreinsað úr skíðabrekkum, hlaðinn skíðastökkspallur við Búastein en með breytingum á brekkunni – piltarnir hækkuðu hana sums staðar og lækkuðu annars staðar – voru sköpuð mjög góð skilyrði fyrir stökkbraut. Hlaðin var mikil og rammleg upphækkun fyrir framan gistihúsið sem tekið var í gegn. Þegar allt var til reiðu til skíðaiðkunar í janúar 1939 hafði ÍR varið 30.000 krónum til framkvæmda á Kolviðarhóli. Var þá búið að breyta húsinu úr venjulegum íslenskum sveitabæ í nýtísku skíðafólksheimili með öllum þægindum án þess þó að mikið væri í borið eða óþarfa prjál.

Ein var sú nýjung á Kolviðarhóli sem vakti athygli og öðlaðist vinsældir en það var fyrsta skíðalyfta landsins sem tilbúin var til notkunar í janúar 1939. Sparaði hún skíðamönnum áreynslu og krafta sem fóru í að þramma upp brekkuna því hún dró þá upp í staðinn.

Fjárhagslegur baggi þrátt fyrir mikla aðsókn

Með kaupunum á Kolviðarhóli færðist ÍR mikið í fang en félagar þess og íþróttavinir fögnuðu. Félagið treysti á áhuga Reykvíkinga fyrir íþróttum og útilífi og það mat reyndist rétt. Aðsókn að skíðaferðum félagsins að Kolviðarhóli átti eftir að verða mjög mikil og þótti staðurinn vel valinn. Biðröð þekktu þeir sem sóttu Kolviðarhól á upphafsárunum og nokkur þau næstu. Farmiðar ásamt gistingu voru seldir á skrifstofu ÍR í ÍR-húsinu við Túngötu á föstudagskvöldum kl. 20–21. Klukkan að ganga átta hópaðist fólk að til að fá pláss á Hólnum og á hálfri stundu seldust venjulega öll gistipláss, allt að 100, og töldust þeir heppnir, sem fengu rúm eða pokapláss. Glaumur og gleði var oft efra, hvellar æskuþrungnar raddir kváðu þar við er skíðamenn og -konur úr skíðadeild ÍR og aðrir nutu útiverunnar.

Fimm árum eftir kaupin á Kolviðarhóli átti ÍR jörðina og mannvirki skuldlaus. Fram að því og síðar hafði þessi eign hins vegar gríðarlega mikil útgjöld í för með sér fyrir félagið. Þrátt fyrir mikla aðsókn oftast nær var tugþúsunda króna tap á rekstri Kolviðarhóls ár hvert. Gekk reksturinn engan veginn samkvæmt væntingum. Auk þess lagði félagið í mikil útgjöld ár hvert vegna uppbyggingar staðarins. Þannig voru útgjöld ÍR vegna mannvirkja og svæðisins til dæmis 284 þúsund krónur á árunum 1943–46 að báðum meðtöldum, eða sem svarar margföldu kaupverði Kolviðarhóls, sem var 45.000 krónur.

Bílahappdrætti ÍR.

ÍR gekkst undir það, er félagið eignaðist Kolviðarhól, að halda þar uppi greiðasölu fyrir ferðamenn eins og ávallt hafði verið frá því sæluhús

var reist undir Hellisskarði 1844. Sá Valgerður Þórðardóttir, ekkja Sigurðar Daníelssonar (1868–1935) bónda á Kolviðarhóli 1906–1935, um veitingar til fardaga 1943 eða um fimm ára skeið eftir að hún seldi staðinn. Hélt hún þá sem fyrr uppi sinni gömlu rausn og var sá rekstur í alla staði til fyrirmyndar. En þegar Valgerður lét af starfi var brotið blað í sögu Kolviðarhóls, stór þáttaskil áttu sér stað. Á næstu níu árum kom og fór tæpur tugur veitingamanna sem festu aldrei rætur á staðnum. Ætluðu sumir sér stóra hluti en gáfust upp og var umgengni þeirra og viðskilnaður misjafn. Innan um voru ágætismenn en aðrir misjafnir og var einum hinna fyrstu byggt út vegna vanefnda. Enda var reksturinn þá orðinn líkari hótelrekstri en skíðaheimili og skíðafólk jafnvel látið víkja fyrir óheppilegum gestum. Við það varð nokkur óánægja meðal skíðafólks.

Íþróttahús ÍR við Túngötu.

Hrakaði þjónustunni hægt og bítandi og fældist fólk frá staðnum af þeim sökum. Frú Valgerði leist greinilega ekki á ástandið og þrúnina sem hún fylgdist með eftir að hún settist í helgan stein í smáhýsi á staðnum, svonefndum Valgerðarstöðum. „Guð gaf okkur Hólinn til hjálpar hröktum ferðamönnum af fjallvegum, en ekki til leikaraskapar," mælti Valgerður er hún flutti af Kolviðarhóli fyrir fullt og allt.

Nokkur sumur tókst ÍR að leigja Rauða krossinum húsakynnin undir barnaheimili en önnur stóðu þau auð.

Uppnám vegna veru varnarliðsmanna á Kolviðarhóli

Haustið 1951 urðu slæm mistök í rekstrinum en þá hafði Hólinn á leigu maður sem reyndist félaginu erfiður en hann hóf m.a. miklar breytingar innanhúss og reif í heimildarleysi niður innviði hússins. Í hans tíð vöndu komu sínar að Kolviðarhóli varnarliðsmenn af Keflavíkurflugvelli og konur sem þeir gerðu sér þar dælt við þóttu af yngra taginu. Málið kom til kasta fjölmiðla en forsvarsmenn ÍR sögðu frásagnir þeirra hafa verið ýktar mjög.

„Kolviðarhóll orðinn vandamál" sagði Alþýðublaðið seint í nóvember í fyrstu fréttinni sem birtist um dvöl varnarliðsmanna á Kolviðarhóli. Daginn eftir birti Þjóðviljinn grein og málaði frásögn sína sterkum litum. „Kolviðarhóll fyrir telpnaveiðar hernámsins. Svifasein yfirvöld. Formaður ÍR lofar að láta stöðva ósómann," sagði í fyrirsögn blaðsins. Og ekkert var slegið af í upphafi greinarinnar sem forráðamenn félagsins sögðu hafa verið fjarri sannleikanum að innihaldi og vitnuðu til lögregluskýrslu í því sambandi.

„Undanfarið hefur bandaríska hernámsliðið haft Kolviðarhól að miðstöð fyrir kvennaveiðar sínar. Hefur það flutt úr Hafnarfirði og Reykjavík heila bílfarma af ungum stúlkum, flestum 15–17 ára, upp að Kolviðarhóli ásamt áfengisbirgðum og ástundað síðan þá vernd „skírlífis og hjúskapardyggðar og þjóðrækni" sem Morgunblaðið telur helstu verkefni hernámsins. Sambúð stúlkubarna og hernámsliðsins á Kolviðarhóli hefur vakið mikla athygli almennings og m.a. hafa nokkrar fjölskyldur leitað til lögreglunnar um aðstoð til að ná kornungum stúlkum ofan að. Voru sendir lögreglumenn á vettvang um síðustu helgi og munu þeir hafa samið ófagra skýrslu um það, sem fyrir augu bar," sagði Þjóðviljinn.

Sama dag og þessi frásögn birtist mættu á staðinn stjórn Kolviðarhóls, formaður ÍR og sýslumaður Árnessýslu. Var leigutakinn aðvaraður út af viðskiptum við varnarliðsmenn og tjáð af hálfu ÍR að þau mættu ekki endurtaka sig. Þeir sáust ekki meira þar efra og var málið þar með úr sögunni. Forsaga málsins var sú að þrír lögreglumenn frá Reykjavík fóru austur að Kolviðarhóli upp úr miðjum október. Komu þeir þangað klukkan 2:40 um nóttina og var þá allt uppljómað og fólk á stjái. Voru þar þá níu bandarískir hermenn ásamt fimm stúlkum, þar af fjórum íslenskum, tveimur úr Hafnarfirði og tveimur úr Reykjavík. Tvær þessara stúlkna voru 17 ára að aldri en hinar eldri. Ekki var þess getið í skýrslunni að vín hefði sést á nokkrum gestanna og rétt eftir komu lögreglunnar fóru stúlkurnar í bæinn.



Íþróttahús ÍR við Túngötu.

Að sögn stjórnar ÍR var frásögn veitingamannsins á þá leið að hann hefði umræddu nótt verið að reyna að fá stúlkurnar til að fara í bæinn, ella hefðu ljós verið slökkt og gengið til náða. Þær hefðu ekki haft peninga til að borga fyrir bíl í bæinn og amerísku hermennirnir neituðu að greiða fyrir þær. Úrslit málsins urðu þau að veitingamaðurinn ók þeim í bæinn endurgjaldslaust. Ameríkanarnir höfðu pantað gistingu á hólnum en stúlkurnar ekki og áttu þeir einnig pantaðan bíl upp eftir morguninn eftir. Þetta var í þriðja skiptið er slíkur hópur

kom að Kolviðarhóli, en í bæði fyrri skiptin var hann allmiklu fámennari og fór fyrir venjulegan lokunartíma veitingahússins.

Um þetta leyti fékk stjórn Kolviðarhóls hins vegar viðvörun um að binda ekki leigutakann við staðinn með samningum en reyna heldur að losna við hann. Hafði hann farið fram á að fá staðinn leigðan til fimm ára. Um jól gerði ófærð og fór veitingamaðurinn þá til Reykjavíkur og lét vart sjá sig á Kolviðarhóli eftir þetta en sendi fólk þangað þegar opnaðist. Tæpast var hægt að segja að Kolviðarhóll væri opinn það sem eftir lifði vetrar því það var aðeins um helgar sem einhver var þar. Var nú svo komið að fólk forðaðist að koma að Kolviðarhóli bæði vetur sem sumar. Um vorið 1952 var húsum þar lokað og staðurinn aldrei opnaður til neinnar starfrækslu eftir það.

Hestamiðstöð, hæli fyrir drykkjumenn eða hvíldarheimili

Sumarið 1952 auglýsti Reykjavíkurbær eftir jörð til kaups. Var strax farið á fund borgarstjóra og honum boðinn Kolviðarhóll. Send var nefnd fulltrúa borgarinnar að Kolviðarhóli til að athuga staðinn og leist sumum vel á hann en öðrum illa. Úr sölu varð ekki.

Um haustið ákvað ÍR að hafa Kolviðarhól lokaðan þar sem ekki var hægt að fá neinn mann sem treystandi var fyrir rekstrinum, enda var komin dýrkeypt reynsla af því að leigja Kolviðarhól hinum og öðrum. Til þess að halda rekstrinum gangandi kom ekki annað til greina af hálfu rekstrarnefndar Kolviðarhóls en að hafa þar búskap. Í því sambandi hóf hún í nóvember viðræður við hestamannafélagið Fák um leigu á Kolviðarhóli. Vegna skorts á ræktanlegu landi og hagkvæmu beitilandi vildi Fákur að tryggt yrði aukið landrými og nefndi Norðurvelli, Marardal og Engidal. Falaðist ÍR eftir þessum svæðum til kaups, leigu eða erfðafestu en hreppsnefnd Ölfushrepps treysti sér ekki til að verða við því, sagðist þurfa á öllu sínu landi að halda vegna þess að fé færi mjög fjölgandi. Með því lauk viðræðum ÍR og Fáks um leigu á Kolviðarhóli undir hestamennsku.



Yfirlitsmynd yfir ÍR-svæðið sem upphaflega var 8,7 ha. en fékkst stækkað í 12,8 hektara árið 2000. Myndin sýnir svæðið með gervigrasvellinum og fyrirhuguðu íþróttahúsi. 1. Núverandi lóðamörk. 2. Gervigrasvöllur. 3. Byggingarreitur áhorfendastúku. 4. Æfingagrassvæði. 5. Bílastæði á álagstímum. 6. Bílastæði. 7 og 8. Fjölnota íþróttahús. 9. ÍR-heimilið.

Enn var reynt að selja borginni Kolviðarhól í apríl 1954 en þá var það orðið félaginu ofvaxið að viðhalda þar húsakynnum og rekstrargrundvöllur staðarins ekki lengur fyrir hendi. Fyrir félagið var það bæði hagsmuna- og áhugamál að borgin létti þeim klafa af félaginu sem eignin var að verða. Benti félagið á að mikill hiti væri þar í jörðu. Fór svo að borgin keypti Kolviðarhólsjörðina af ÍR í september 1955. Með samningnum voru ÍR þó tryggð full réttindi til iðkunar skíðaíþróttarinnar í landi jarðarinnar og losað undan því að þurfa að borga lóðarleigu af skíðaskálum sínum.

Ýmsir renndu hýru auga til Kolviðarhóls eftir þetta. Forráðamenn Bláa bandsins fóru fram á það 1957 að fá húsið til yfirráða með það fyrir augum að reka þar hæli fyrir drykkjusjúklinga. Ekkert varð úr því og fór þá áhugafélag um staðinn, Kolviðarhólsfélagið svonefnda, fram á það árið 1960 að fá að gera hann að hvíldar- og dvalarheimili fyrir fólk sunnan og austan Hellisheiðar. Með því sagði félagið að Kolviðarhóll yrði aftur almenningi til aðhlynningar á einn eða annan hátt, eins og hann var um langan aldur. Til þess fékk félagið heimild en aldrei varð úr framkvæmdunum.

Mannvirki á Kolviðarhóli spellvirkjum að bráð

Húsin á Kolviðarhóli stóðu mannlaus eftir að þeim var lokað 1952. Óheiðarlegir vegfarendur lögðu hins vegar leið sína þangað, sprengdu upp hurðir og unnu stórtjón innandyra og rupluðu og rændu húsbúnaði. Húsin urðu brátt spellvirkjum að bráð og brunnu. Aðeins lítils háttar tókst að bjarga af innbúinu, þ. á m. útskornum stólum o.fl. með merki ÍR. Í fyrstu reyndu ÍR-ingar að lagfæra það sem eyðilagt hafði verið en gáfust á endanum upp við það. Að nokkrum árum liðnum var þar átakanlegt um að litast og húsið, sem var ein vandaðasta bygging í landinu á sínum tíma, eymdarlegt í meira lagi. Reis það aldrei úr eyði. Í 75 ár hafði gistihúsið á Kolviðarhóli verið áningarskjól hrakins ferðafólks og nauðþurftamanna. Var hann vinsæll og nauðsynlegur gististaður þeirra mörgu sem fóru um Hellisheiði fyrrum. Því hlutverki lauk húsið 1952 og var það jafnað við jörðu árið 1977, rúmum hundrað árum eftir að þar var byggt gistihús.

Í byrjun níunda áratugar nýliðinnar aldar reis ágreiningur með Reykjavíkurborg og ÍR um hvort land-

spildan austan Kolviðarhólsjarðarinnar hefði fylgt með í kaupunum 1955. Jón G. Tómasson borgarlögmaður hélt því fram 1982 að borgarsjóður hefði keypt allt land ÍR á svæðinu. Og það þrátt fyrir að til væri minnisblað frá skrifstofu borgarstjóra frá í apríl 1979 þar sem sagði að höfundur þess hefði „á skrifstofu sýslumanns Árnessýslu fengið þær upplýsingar að Íþróttafélag Reykjavíkur væri þar þinglesinn eigandi þeirrar spildu, sem félaginu var gefin úr afréttarlandinu á sínum tíma. Af framansögðu virðist ljóst að hún hafi ekki fylgt með í sölunni, þegar borgin kaupir Kolviðarhól“.

Í deilunni við borgina hélt ÍR sig stöðugt við það að afsalið fyrir Kolviðarhólsjörðinni hefði ekki náð til umræddrar landspildu. Enda hafði borginni verið tilkynnt það bréflega nokkrum mánuðum fyrir kaupin en bréf það fannst ekki í skjölum sölumálsins þegar þrátan kom upp 30 árum síðar. Lögmenn félagsins sögðu eignarráð félagsins yfir landspildunni úr Ölfusafrétti ótvíræð. Borgarlögmaður bauð þær sættir í málinu að borgin viðurkenndi eignarrétt ÍR á spildunni gegn því að félagið viðurkenndi rétt borgarinnar til borunar og hagnýtingar á jarðhita innan hennar án sérstaks endurgjalds og rétt til nauðsynlegra lagna og annarra aðgerða í því skyni.

Á það gat félagið ekki fallist og vildi fá þóknun fyrir væntanlega nýtingu jarðhitans sem síðar var ráðist í með Hellisheiðarvirkjun. Af borgarinnar hálfu var ekkert aðhafst gagnvart erindi ÍR í bili. Síðar greip borgin til þeirra varna að landspildan væri þjóðlenda og réttindi ÍR-inga þar því engin.

Orkuveitan hefur framkvæmdir á eignarlandi ÍR án þess að biðja um leyfi

Málið komst aftur í hámæli 2001 eftir að Orkuveita Reykjavíkur (OR) hóf rannsóknarboranir á Hengilssvæðinu vegna áforma sinna um Hellisheiðarvirkjun.



Yfirlitsmynd yfir ÍR-svæðið við Skógarsel með fyrirhuguðu íþróttahúsi ÍR, séð til austurs.

Með því hóf Orkuveitan framkvæmdir á þinglýstu eignarlandi án þess að leita eftir samþykki landeiganda. Aftur minnti ÍR borgina og OR á eignarréttindi sín og bað um að þau yrðu virt. Borgin sat við sinn keip. Í fyrstu hélt Orkuveitan því fram að landið sem unnið væri á hefði fylgt með í kaupunum á Kolviðarhóli. Þegar sá málflutningur var hrakinn var það allt í einu mat veitunnar að landið væri þjóðlenda og þar af leiðandi eign ríkisins.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar, sagði við Morgunblaðið í júní 2002 að Reykjavíkurborg hefði haft uppi efasemdir um eignarrétt ÍR-inga. Annars væri um flókið og viðkvæmt mál að ræða sem þó ríkti friður um milli manna. „Okkur sýnist einnig að hér sé um þjóðlendu að ræða sem ætti þá að vera í eigu ríkisins. Þess vegna höfum við ekki viljað kaupa landið af ÍR-ingum ef svo kemur í ljós að þeir eiga það ekki. Okkar skilaboð hafa verið þau að við séum tilbúnir til samkomulags ef félagið getur sýnt fram á með óyggjandi hætti að það eigi umrætt land. Þetta voru óformleg skilaboð en síðan höfum við ekki heyrt frá félaginu,“ sagði Guðmundur.

Með þessum hætti svaraði hann spurningu blaðsins hvers vegna Orkuveitan hefði ekki svarað tæplega hálfs árs gömlu erindi ÍR um að eignarréttindi félagsins yrðu virt. Enn sem fyrr virti borgin og OR einskis bréf Halldórs Gunnlaugssonar, oddvita Ölfushrepps, sem sýslumannsembættið í Árnessýslu þinglýsti, þar sem sagði m.a.: „Samkvæmt fundargerðarbók Ölfushrepps, var á almennum hreppsfundi, sem haldinn var í Hveragerði 15. nóvember 1938, samþykt að gefa Íþróttafélagi Reykjavíkur landsspildu þá er félagið hefur haft til afnota til skíðaiðkana undanfarið og það hafði falað til kaups.“ Vitnað var til þess hvernig landamerki væru greind í fundargerðarbók hreppsins 10. apríl



Yfirlitsmynd yfir ÍR-svæðið með fyrirhuguðu íþróttahúsi ÍR, séð til norðurs.

1938. Loks var bætt við í hinu þinglýsta bréfi að sýslunefnd Árnessýslu hefði á fundi sínum 8. apríl 1939 samþykt og tilkynnt að hún heimilaði Ölfushreppi að gefa ÍR landspildu í afréttarlandi hreppsins fyrir ofan Kolviðarhól, þó þannig að landamerki væru glögglega ákveðin. „Land þetta er því nú orðið lögmæt eign Íþróttafélags Reykjavíkur, og á þetta bréf að skoðast sem afsal fyrir landinu. Væntum vér að gjöf þessi sé félaginu kært komin og verði fjölda manna til gagns og gleði," sagði ennfremur í hinu þinglýsta bréfi oddvitans.



Fjölmenn sjálfboðavinna var við fyrstu tyrfingu knattspyrnuvallarins.

Á síðari stigum breytti borgarlögmaður um stefnu í þrætunni við ÍR. Í stað þess að halda því fram, eins og tæpum tveimur áratugum áður, að borgin hefði eignast spilduna með kaupunum á Kolviðarhóli skírskotaði hann allt í einu til nýlegra þjóðlendulaga. „Túlkun borgarlögmanns á þjóðlendulögunum er sú að þetta land, sem ÍR-ingar telja sig eiga, sé innan þjóðlendna. Óbyggðanefnd á eftir að fella úrskurð um þetta svæði, hvenær sem það verður. Ef félagið getur sýnt fram á að það eigi landið erum við meira en tilbúnir til samningsviðræðna. Við teljum okkur bara ekki heimilt að kaupa eitthvað sem við erum ekki sannfærðir um að seljandi eigi," sagði Guðmundur forstjóri Orkuveitunnar.

Þorbergur Eysteinsson, framkvæmdastjóri ÍR, sagði við Morgunblaðið að sveitarfélagið Ölfus hefði upphaflega veitt Orkuveitunni leyfi til borana án þess að láta félagið vita en síðar beðist afsökunar á því. Þorbergur sagði að ÍR hefði sent Orkuveitunni erindi til að benda fyrirtækinu á að það væri að bora inni á landsvæði félagsins og félagið setti ákveðna fyrirvara við það. Einu viðbrögðin hefðu verið óformlegt boð um að kaupa landið fyrir lítið en því boði var ekki svarað.

Óbyggðanefnd tók kröfur ÍR til greina

Þorbergur sagði það grundvallaratriði að Orkuveitan hefði hafið framkvæmdir á þinglýstu eignarlandi án þess að leita eftir samþykki landeiganda. Hefði málið allt horft öðruvísi við ÍR hefði hún í upphafi beðið um leyfi til framkvæmdanna. „Það má vel vera að ríkið geri tilkall til þessarar spildu en ég held að það sé ekki í verkahring Orkuveitunnar að breyta eignarrétti manna og gangast fyrir því að þriðji aðili eignist land, þannig að þetta er orðið svolítið snúið og þversagnakennt," sagði hann. Og bætti við að eftir sem áður væri ÍR eigandi landsins þangað til búið væri að úrskurða hvort það væri þjóðlenda eða ekki.

Margir aðilar höfðu virt þennan eignarrétt ÍR, svo sem Landsvirkjun, Landssíminn, Tal, Lína.Net og ÍTR þegar deilan við borgina og Orkuveituna fór aftur af stað. Þinglýstu þeir leigusamningum við ÍR og þau fordæmi þótti ÍR-ingum enn ein sönnun þess að félag þeirra var eigandi að landinu. Félagið vildi leysa málin friðsamlega. Árin 2003 og 2004 gerðu svo ÍR og Orkuveitan með sér samninga um vatnsdælingu, efnisnám, umgengni veitunnar á svæði ÍR og samstarf um það. Í báðum tilvikum setti veitan þó fyrirvara um eignarrétt ÍR.

ÍR vann svo sigur í málinu gagnvart borginni og Orkuveitunni 31. maí 2006 er óbyggðanefnd felldi úrskurð þar sem því var hafnað að eignarspilda ÍR væri þjóðlenda. Fyrir nefndinni beitti veitan sér gegn félaginu. Óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að ÍR ætti landspilduna umdeildu á Hellisheiði. Hagnýting hennar af hálfu ÍR hefði verið mjög umfangsmikil og félagið ætíð farið með landið líkt og það væri þess eign og komið þannig fram gagnvart öðrum. Eignarhaldið var því talið fullnægja skilyrðum eignarhefðar sem staðið hefur óslitið lengur en í 20 ár áður en þjóðlendulögin tóku gildi 1998. Hafði félagið við setningu laganna hagnýtt sér svæðið óslitið í 59 ár. Var íslenska ríkið ekki talið hafa sýnt fram á að landsvæðið sem ráðstafað var til ÍR með afsalinu 2. ágúst 1939 væri þjóðlenda. Tók óbyggðanefndin og fram að rannsókn hennar hefði einnig leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland ÍR væri að ræða.

Þegar bókarskrifum lauk lá ekki fyrir hvort ríkið myndi skjóta niðurstöðu óbyggðanefndar varðandi landspildu ÍR til dómstóla. Frestur til þess rann út 28. desember 2006. Frá því er hins vegar að segja að Orkuveitan hefur komið mjög til móts við kröfur ÍR og m.a. greitt félaginu dágóða upphæð fyrir efnistöku og vatnsdælingu í landi félagsins. Enn meiri verðmæti ættu hins vegar að liggja í spildunni sjálfri vegna háhitans undir Hellisheiðarvirkjuninni.

Tilraunir ÍR til að eignast íþróttasvæði löng raunasaga

Saga húsbygginga Íþrótttafélags Reykjavíkur er bæði löng raunasaga og síst er hún embættismannakerfinu til sóma. Í áratugi gengu forvígismenn félagsins á hverjum tíma píslargöngu í kerfinu til að útvega félaginu aðstöðu fyrir íþróttasvæði. Fengu þeir ýmist loforð eða jafnvel lóðarúthlutun á ýmsum stöðum í borgarlandinu sem gengu þó aldrei upp. Þrautargöngunni lauk loks tæplega 70 árum eftir stofnun ÍR er félagið ákvað að hasla sér völl við Skógarsel, þar sem félagsheimili reis fyrir áratug og aðstaða öll er langt á veg komin.

Félagið hafði ekki starfað lengi er aðstöðuleysi tók að há því. Vaknaði

því fljótt mikill áhugi á að ÍR eignaðist eigið húsnæði. Í því skyni var stofnaður húsbyggingarsjóður árið 1915 en 14 ár liðu þar til félagið eignaðist sitt eigið hús, er gömlu Landakotskirkjunni var breytt í íþróttahús og félagsheimili haustið 1929. Ætlunin hafði verið að byggja og var vilyrði komið fyrir lóð en lítt miðaði. Þá var það að formanni félagsins, Haraldi Johannessen, er litið frá heimili sínu við Kirkjustræti til Landakotstúns á fögru vorkvöldi 1929. Við honum blasti spítalinn á hægri hönd og Kristskirkja á vinstri en bygging hennar var á lokastigi. Þar

Markús Örn Antonsson borgarstjóri tekur fyrstu skóflustungunna að ÍR-heimilinu 14. júlí 1992 og t.h. eru Hólmsteinn Sigurðsson formaður ÍR og Þórir Lárusson fyrrv. formaður ÍR.

á milli á túninu stóð gamla kirkjan, nokkurn veginn á þeim stað sunnan Túngötu þar sem hún mætir Ægisgötu. Laust þá niður í huga Haralds þeirri hugmynd að fá gömlu kirkjuna og gera hana að fimleikahúsi. Á næsta stjórnarfundi fékk hugmyndin góðar undirtektir. Gengið var fyrir Martein Meulenberg biskup sem tók þessari málaleitan vel. Endaði málið með því að kaþólski söfnuðurinn í Reykjavík gaf ÍR kirkjuna með gjafabréfi dagsettu 14. október 1930.

Ekki verður hægt að rifja upp húsbyggingasögu ÍR án þess að rifja upp af hverju félagið þurfti íþróttahús. Hinn 13. febrúar 1907 auglýsti Andreas J. Bertelsen í blaðinu Ísafold eftirfarandi: „Félag til eflingar leikfimi og íþróttum er ætlast til að verði stofnað hér í bæ, ef nógu margir gefa sig fram. Þeir, sem vilja sinna þessu máli, eru beðnir að mæta á Hótel Ísland á föstudaginn kemur kl. 9 síðdegis.“

Fundur þessi var haldinn og kosin bráðabirgðastjórn. Var henni falið að athuga hvort hægt væri að fá fimleikahús til æfinga. Hinn 19. febrúar ritar hún bréf til bæjarstjórnar með beiðni um afnot af leikfimihúsi Barnaskólans og var leyfið veitt 8. mars, með þeim skilyrðum „að notendur hússins séu jafnan í leikfimisfötum eða öðrum vel hreinum fötum og hafi á fótum vel hreina skó, meðan þeir dvelja í húsinu, að félagið ábyrgist allar skemmdir á húsinu og, að félagið greiði 10 kr. leigu á mánuði“.

Að þessu fengnu var fundur boðaður og einn hinn merkilegasti dagur í sögu brautryðjenda í íslenskum íþróttamálum rann upp, þ.e. 11. mars 1907 þegar Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR) var formlega stofnað.

Félagið komið með æfingaaðstöðu þremur dögum fyrir stofnun!

Það hlýtur að teljast óvenjulegt að þremur dögum fyrir stofnun ÍR var félagið komið með æfingaaðstöðu. Ziemsen borgarstjóri gaf 8. mars 1907 út leyfi um afnot af íþróttasal Barnaskólans við Lækjargötu. Á þriðja starfsári fékk félagið einnig inni með fimleikaæfingar í Menntaskólanum þar sem aðstaðan í Barnaskólanum dugði ekki vegna aðsóknar í félagið. Og þar kom að þessi aðstaða dugði hvergi og stóð félaginu fyrir þrifum að komast ekki í betra húsnæði og stærra eða fá fleiri og betri tíma.

Árið 1915 hafði félagið vaxið svo, og kröfurnar til þess þar af leiðandi einnig, að nauðsynlegt var talið að félagið eignaðist eigið íþróttahús hið bráðasta. Aðsókn að öllum deildum var svo mikil á haustin að alls staðar varð að hafa of marga í tímum, bæði vegna lítilla húsakynna og fárra kennslustunda. Þeir sem mættu nutu því ekki kennslunnar sem skyldi. Það varð til þess að fylkingarnar þynntust meira en góðu hófi gegndi þegar á veturinn leið. Sömuleiðis var sá tími sem félagið hafði leikfimisali skólanna til afnota ekki heppilegur fyrir alla félagsmenn. Undir hælinn var lagt hversu lengi fengist inni í skólunum. Á tímabili var félögunum vísað á guð og gaddinn í Menntaskólanum veturinn 1919–20 vegna þess að fimleikahúsið var tekið undir geymslu á skólaborðum og bekkjum meðan verið var að breyta og endurbæta skólahúsið.

Af þessum sökum tóku forystumenn ÍR að hugsa fyrir því að félagið þyrfti að koma upp eigin íþróttahúsi. Tvennum sögum fer af því hvenær húsbyggingarsjóður ÍR er stofnaður. Í Félagsblaði ÍR, sem gefið er út á 20 ára afmælinu í mars 1927, segir á einum stað að þáverandi formaður ÍR, Benedikt G. Waage, hafi átt hugmyndina að sjóðsstofnuninni og birt er ágrip af ræðu Sveins Björnssonar, yfirdómslögmanns, síðar sendiherra og loks forseta lýðveldisins, á stofnfundi sjóðsins, sem sagður var 25. nóvember 1915. Á öðrum stað í sama blaði segir hins vegar að sjóðurinn hafi verið stofnaður 7. febrúar 1916 og Sveinn verið aðalhvatamaður þess. Í septemberhefti blaðsins er seinni dagsetningin nefnd sem stofndagur. Þróttur, íþróttablað sem ÍR gaf út, segir hins vegar í janúar 1918 að sjóðurinn hafi verið stofnaður á fjölmennum félagsfundi 25. nóvember 1915. Hvað sem því líður á stofnunin sér stað í formannstíð Benedikts, sem kosinn var formaður ÍR 2. mars 1914.

Í ávarpinu sagði Sveinn að til þess að halda uppi starfsemi hefði félagið orðið að vera í bónbjörgum um húsnæði. Alltaf hefði ríkt óvissa um húsnæðismálin hjá ÍR. Á hverju ári þyrfti að sækja um leyfi til þess að nota fimleikahúsið. Þegar leyfi var veitt var jafnóvíst hvort það fengist næsta haust. Væri því brýn ástæða að hugsa um húsbyggingu, sem verið hefði lengi áhugamál stjórnarinnar, en ekki verið hægt að koma því í framkvæmd vegna fjárskorts. Síðan sagði Sveinn:

„Ég hefi átt tal um þetta fram og aftur við formann félagsins, og séð teikningu af fyrirhuguðu fimleikahúsi. Það sem fyrir honum vakir er, að ófært sé að hugsa ekki til þess að koma húsi upp í Reykjavík til íþróttaiðkana – bæði vegna húsnæðisleysis og hollustu. Þótt félagið, sem er rúmlega 8 ára gamalt, hafi aðeins um 120 meðlimi nú, þá fer þeim fjölgandi, og breiðist því út til fleiri og fleiri manna, hvílíka hollustu leiði af íþróttaiðkunum. Sökum veðurfars er ekki eingöngu hægt að byggja á sumaríþróttum hér, heldur þarf að hafa hús til íþróttaiðkana mestan hluta ársins. Ef þjóðin sannfærist um það, að hollt sé að iðka íþróttir, ætti að vera hollt að iðka fimleika í húsi. Menn skilja, að það er rétt sem segir í gamla málshættinum: „Heilbrigð sál í heilbrigðum líkama“. Það þarf að skapa þjóðinni heilbrigða sál. – Í Reykjavík safnast menn saman alstaðar af landinu, og er því þar best tækifæri til þess að komast áfram í íþróttum. Hér á því að vera gott íþróttahús. ÍR, eina fimleikafélagið í þessum bæ, hefir ekki viðunandi hús, og búast má við, að húsið, sem það nú hefir, verði tekið af því þegar verst á stendur.“

Stórhugur einkenndi ætíð byggingaráformin

Stórhugur réð ríkjum er ÍR-ingar skyldu reisa sitt fyrsta hús. Stjórn félagsins fékk Guðjón Samúelsson, húsameistara ríkisins, til að gera uppdrátt að fimleikahúsi. Var teikningin sýnd á stofnfundi húsbyggingarsjóðsins, hengd upp á vegg. Húsið var hið reisulegasta eins og Guðjóni var einum lagið. Ekki lá fyrir kostnaðaráætlun, en giskað var á að húsið mundi kosta um 30 þúsund krónur upp komið. Sveinn talaði af sannfæringu og krafti fyrir því að ráðist yrði í húsbyggingu, þótt ekki yrði hugað að því af mikilli alvöru fyrr en hátt í áratug síðar. Hann sagði: „Íþróttafélagið er það félag, sem helst hefir gengist fyrir íþróttaiðkunum í þessum bæ, og finnst mér því eðlilegt að það byrjaði á að framkvæma hugmyndina. En hagur þess er eigi svo, að það geti komið húsinu upp á stuttum tíma, með eigin efnum eða tillögum meðlima. Eigum við því að stíga á stokk og strengja þess heit, að koma upp þessu húsi; mynda sjóð með sérstakri skipulagsskrá.

Þennan sjóð er hægt að stofna, en hann verður seint svo stór, að hann komi að notum, nema hver leggi fram það sem hann getur, og auk þess verði ákveðið fast ársgjald, minnst 1 til 2 krónur; annars hverjum frjálst að ákveða hve mikið hann leggi til sjóðsins á ári. Einn getur kannski greitt 2 kr. á ári, annar 5 kr., og er því heppilegast að hafa ársgjöldin frjáls. Til þess að halda honum við, mætti afla sjóðnum tekna með ýmiss konar skemmtunum. Mér var að detta í hug ein skemmtun, sem myndi gefa peninga í sjóðinn. Það eru sýningar. Venjulega eru það þeir bestu sem sýna sig, en ég gæti hugsað, að fólk hefði gaman af að sjá eldri manna flokkinn, og ímynda ég mér að flestir í þeim flokki séu fúsir til að styrkja sjóðinn, með því að taka þátt í sýningunni. Margir fleiri vegir eru til þess að afla fjár. Þótt vel tækist mundi þurfa mörg ár þangað til að húsið yrði komið upp. Þótt það tæki jafnmörg ár og húsið kostar í þúsundum króna, [eða 30, innskot höf.] ættum við samt að byrja á því nú. Hafi maður hugmynd og sé sannfærður um að hún sé þörf og góð, á maður að koma henni í framkvæmd. Höfum þrautseigju með að koma hugmyndinni í framkvæmd. Það er satt, sem segir í máltækinu: „Hálfnað er verk þá hafið er“. Það sem við þurfum því að ræða um hér í kveld, er stofnun húsbyggingarsjóðs, með skipulagsskrá, og að stjórnin auki svo sjóðinn, eftir því sem hún sér sér fært. Getur farið svo að við lifum það ekki ...“

Sveinn sagði að sakir hollustu og mikilvægis inniíþrótta mætti ÍR ekki vera að því að bíða eftir því að íþróttahús kostað af almannafé risi í Reykjavík. Húsbyggingarsjóður ÍR varð að veruleika og háleitt markmið var sett. Sagt var í Þrótti 1918 að enginn hefði munað sjóðinn betur en Sveinn Björnsson en hann mun hafa látið fé af hendi rakna til hans. Á fyrstu árunum var fé m.a. safnað í hann á sumardaginn fyrsta, en þá stefndi jafnan mannfjöldi í miðbæinn. Gengu félagsmenn um með söfnunarbauka, aðallega stúlkur úr fimleikaflokknum. Í lok ársins 1917 stóð sjóðurinn í 1.300 krónum, í október 1918 var hann orðinn kr. 1.612 og ári seinna 2.962. Hinn 1. janúar 1923 stóð hann í 4.870 krónum og 1. janúar 1926 höfðu safnast kr. 5.460.

Lofaði að gefa ÍR lóð undir íþróttahús

Íþróttafélögin í Reykjavík sáu um gerð íþróttavallarins á Melunum í samstarfi við bæjarstjórnina og sáu um rekstur hans. Þegar hann var orðinn skuldlaus 1920–21 hófu ÍR-ingar máls á nauðsyn þess að reisa íþróttahús. Komst meiri skriður á þau mál eftir að Haraldur Johannessen var kosinn formaður ÍR í mars 1925. Að hans frumkvæði teiknaði Jens Eyjólfsson byggingameistari íþróttahús sem að mörgu leyti var talið heppilegra en hið fyrra. Sérstaklega þó hvað snerti tennisíþróttina því Jens gerði ráð fyrir þeim möguleika að hægt yrði að leika þá íþrótt í því. Haraldur knúði málið áfram þar sem einn af ótilgreindum félagsmönnum hefði lofað að gefa lóð undir húsið á mjög hentugum stað ef félagið sæi sér fært að byggja. Lóðareigandinn mun og hafa sagt að hægt myndi að fá allan sjóð Tennisfélags Reykjavíkur (um 3.000 kr.) í húsbyggingarsjóð ÍR ef húsið væri þannig úr garði gert að

Fjöldi fólks var viðstaddur þegar fyrsta skóflustungan var tekin að ÍR-heimilinu 14. júlí 1992.

spila mætti tennis í því. Samkvæmt lauslegu tilboði frá Jens kostaði húsið uppkomið um 110.000 krónur. Taldi Haraldur enga frágangssök að safna nefndri upphæð á tiltölulega stuttum tíma, ef allir félagsmenn ynnu að því að safna fjármunum. Félagið ætti óteljandi góða styrktarmenn, sem að sjálfsögðu myndu styrkja fyrirtækið ef þeir sæju að hér væri alvara á ferðum. Þriggja manna nefnd var falið að athuga og undirbúa hvort nokkur tiltök væru fyrir félagið að byggja fimleikahús á næstunni. Í hana völdust Þorsteinn Scheving Thorsteinsson, Valgeir Björnsson og Haraldur Johannessen.

Undirritaður samningur um byggingu ÍR-heimilis 14. júlí 1992. F.h. Guðmundur Ólafsson og Þorbergur Halldórsson í byggingarnefnd og fulltrúar verktaka Hagvirkis – Kletts.

Rúmu hálfu ári seinna, í október 1925, sagði Haraldur ekki blása byrlega með húsbyggingarmálin. Þótt byggingarsjóðurinn hefði átt marga ágæta styrktarmenn og vaxið fyrir drengilegan stuðning þeirra væri enn alltof lítið fé fyrir hendi til þess að ráðast í stórbyggingu. Sagðist Haraldur þó eigi betur vita en sú lóð er félaginu hefði staðið til boða væri því enn heimil. Engar heimildir eru um hver hinn ágæti styrktarmaður félagsins var sem heitið hafði lóðinni. Freistandi er þó að álíta að hann hafi tengst Tennisfélaginu fyrst hann vildi að hægt yrði að leika tennis í nýja húsinu. Enn voru menn brýndir til átaka því ÍR-ingar töldu húsbyggingu ekki þola neina bið. Var það mikið metnaðarmál fyrir félagið að verða á undan öðrum, ekki síst sjálfu bæjarfélaginu, að byggja íþróttahús. Sérstakt íþróttahús hafði ekki verið byggt fyrir opinbert fé þótt forystumenn ÍR og íþróttahreyfingarinnar allrar hefðu talið að svo hefði átt að vera fyrir löngu. Aðeins voru fyrir hendi leikfimisalir MR og barnaskólans við Lækjargötu.

ÍR fyrsta félagið í landinu til að eignast íþróttahús

Ekki þarf að hafa mörg orð um það að aldrei varð neitt úr áformum þessum um að byggja íþróttahús en forystumenn ÍR höfðu þó jafnan stórar hugmyndir þar að lútandi, m.a. á fimmta áratugnum þegar íþróttahús félagsins við Túngötu, sem tekið var í notkun síðla árs 1929, þótti orðið of lítið.

ÍR varð fyrst íþróttafélaga í landinu til þess að eignast eigið íþróttahús er gömlu kirkjunni við Landakot var breytt í íþróttahús. Jens Eyjólfsson, byggingameistari, kirkjusmiður og stjórnandi byggingar nýju Landakotskirkjunnar, tók að sér að steypa grunn þar sem ÍR-húsinu nýja hafði verið valinn staður nokkrum húslengdum vestar við Túngötuna. Meulenberg biskup gaf ÍR kirkjuna undir íþróttahús með

því skilyrði að skólabörn í Landakoti fengju að nota hana fyrir leikfimisal á daginn.

ÍR-húsið á rætur að rekja til Noregs. Þaðan flutti kaþólska trúboðið það árið 1897 og var húsið úr tilsniðnum völdum trjáviði. Var það fyrsta kaþólska kirkjan sem reist var hér á landi eftir siðaskipti og fall Jóns biskups Arasonar árið 1550. Gegndi hún sínu hlutverki þar til ný og vegleg steinkirkja leysti hina eldri af hólmi árið 1929.

Kirkjan var flutt í heilu lagi með handaflinu einu á þann stað þar sem húsið stóð í sjö áratugi. Skipasmíðastöð Reykjavíkur sá um flutninginn í samstarfi við Jens Eyjólfsson sem gekk frá húsinu á grunninum haustið 1929. Aðeins leið vika frá því verkið hófst og þar til húsið sat á nýjum grunni. Byrjað var á því að lyfta kirkjunni upp af grunni þeim sem hún stóð á og slá undir hana trjám, sem smurð höfðu verið lýsi og tólg, öðru nafni grút. Ofan á hann var smurt grænsápu til að fá enn betra rennsli. Eftir að húsinu hafði verið lyft af grunninum og upp á trén var það dregið til hliðar út á Túngötuna. Þar var slegið um það vírstroffu, svokallaðri brók, sem fest var í talíu úr handdrifnu spili er fjórir menn sneru. Höluðu þeir húsið á þennan hátt upp eftir Túngötunni, lengd sína hverju sinni. Rann það eftir sápugrútarspýtum þar til það var samsíða hinum nýja grunni. Þar var því endanlega lyft upp í rétta hæð og síðan dregið til hliðar inn á grunninn. Síðar um haustið hófust æfingar í húsinu. Þar með var þeim langþráða áfanga náð í starfi félagsins að geta haft æfingar í eigin íþróttahúsi. Til þess tíma höfðu flestar æfingar farið fram í íþróttasal barnaskólans við Tjörnina og íþróttahúsi MR. Kirkjan, sem búið var að afhelga og hefði væntanlega verið rifin eða fjarlægð, hafði fengið nýtt hlutverk á Landakotstúninu, sem með réttu má segja að sé vagga frjálsíþróttanna í landinu.

Bann lagt við starfsemi sem ylli vondri lykt, hristingi eða hávaða nágrönnum til óþæginda

Stærð ÍR-hússins var 21 x 8 metrar. Í kjallaranum voru tvö baðherbergi, tvö klæðaherbergi, miðstöð, íbúð umsjónarmanns (tvö herbergi og eldhús), geymsla og þar var hinn svonefndi „Blái salur“, sem notaður var til glímu- og boxæfinga, skylminga og annarra íþrótta, sem ekki þurftu mikið rúm eða áhöld. Þessi salur var einnig notaður til fundarhalda, svo og kaffidrykkju þegar skemmtanir voru í húsinu. Sjálfur fimleikasalurinn var 17 x 7,5 metrar, inn af honum áhaldageymsla, herbergi kennara og forstofa. Fyrir ofan áhaldaherbergið voru tvö herbergi, skrifstofur félagsins og svalir fyrir áhorfendur. Þar fyrir ofan voru geymslur miklar í risi. Fimleikasalurinn var upphitaður með lofthitun áður en hitaveita var lögð í húsið, en annað í því með „radiatorum“ eins og það var kallað, þ.e. miðstöðvarofnum. Upp komið var kostnaður ÍR við húsið orðinn um 28.000 krónur.

Á aldarfjórðungs afmælisári ÍR 1932 var hús þess við Túngötu virt til brunabóta á krónur 50.475. Á því hvíldu aðeins föst lán í Landsbanka Íslands, en bankastjórnin sýndi félaginu skilning á góðu málefni og mikla lipurð meðan á byggingunni stóð. Í aldarfjórðungsriti félagsins ritaði Haraldur Johannessen um ÍR-húsið: „ÍR á nú sitt eigið fimleikahús. Það væri ekkert á móti því, að húsið væri stærra, en sérstaklega væri æskilegt að í því væru tveir stórir salir, því eins og sóknin [í félagið] hefir verið undanfarið, hefir stjórnin verið í mestu vandræðum að raða niður hinum mörgu flokkum félagsins, því vitanlega fara æfingarnar fram aðallega á kvöldin. Barnadeildirnar byrja kl. 6 e.h. og eldri deildirnar hætta kl. 11 að kvöldi, og eru æfingarnar flesta daga óslitið frá kl. 6–11 e.h. Húsið er eingöngu notað til íþróttaiðkana, nema þau laugardagskvöld sem skemmtifundir eru haldnir. Lóðin sem húsið stendur á, er leigð til 35 ára, svo allir sjá að hér er um bráðabirgðahús að ræða. Að 35 árum liðnum vona ég að ÍR eigi sér stórt og vandað íþróttahús, með öllum þeim þægindum, sem slíku húsi þarf að fylgja. Eða kannske stærstu íþróttafélögin í Reykjavík eigi sameiginlega eitt stórt íþróttahús, sem nægir þeim öllum?“

Það urðu ekki 35 ár heldur 65 sem liðu áður en draumsýn Haraldar Johannessen um nýtt ÍR-heimili varð að veruleika. ÍR-húsið hafði verið á nýjum stað og í notkun sem íþróttahús í eitt ár þegar samningar voru gerðir milli félagsins og safnaðarins um leigumála lóðarinnar, sem húsið stóð á. Gilti hann í 35 ár frá 1. október 1929 að telja og meðal skilmála voru að félaginu var skylt að endurbyggja húsið brynni það á leigutímanum. Einnig að lóðin væri leigð til að hafa þar fimleikahús og því mætti ekki hafa þar annan rekstur eða starfsemi sem ylli vondri lykt, hristingi eða hávaða til óþæginda nágrönnum. Leigan var ákveðin 300 krónur á ári og auk þess skyldi ÍR borga alla skatta og skyldur af lóðinni til ríkis og bæjar. Loks var kveðið á um að félagið skyldi að leigutíma loknum, 1. október 1964, á brott með allt sitt og skila lóðinni vel frágenginni og þrifalegri, nema því aðeins að samningar tækjust um framlengingu leigumálans. Jafnframt að söfnuðurinn hefði að leigutíma loknum rétt til kaupa á húsinu og mannvirkjum á lóðinni, fyrir verð er dómkvaddir menn mætu.

ÍR bar kostnað af leikfimi nemenda Landakotsskóla

Samhliða þessum samningi var annar gerður, nokkurs konar afsal fyrir húsinu. Var kveðið á um að afhending kirkjunnar færi fram með því skilyrði að Landakotsskóli sá, sem nú væri eða síðar yrði, fengi ókeypis afnot af íþróttahúsinu til fimleikaiðkana fyrir nemendur sína á tímabilinu 1. október til 1. júní ár hvert, fram til klukkan 14 á daginn. Skyldi húsið upplýst og hitað skólanum að kostnaðarlausu. Einnig að nemendur skólans mættu, yrði þess óskað, nota húsið á sama hátt

mánuðina júní til september, enda legði skólinn til kol þann tíma en húsvörður félagsins annaðist kyndingu á kostnað félagsins.

Þessir þungu kostir virðast hafa verið settir fram í upphafi en ekki komið fyrst til þegar afsal hússins fór fram og lóðarsamningar gerðir rúmu ári eftir að húsið var komið á sinn stað. Lóðarleiguna lækkaði söfnuðurinn í febrúar 1941 úr 300 krónum í 100 og þótt ekkert verði um það fullyrt með vissu má ætla að það hafi verið gert til að koma að einhverju leyti til móts við kostnað félagsins af því að uppfylla kvaðir afsalsins gagnvart kaþólska skólanum.

Kaþólski söfnuðurinn gekk aldrei eftir því að ákvæðinu um brottflutning hússins á tilsettum tíma yrði fullnægt. Hafði söfnuðurinn áfram afnot af húsnæðinu fyrir leikfimikennslu skóla síns eftir það. Það er ekki fyrr en á níunda áratugnum sem söfnuðurinn hreyfði því máli. Húsið gegndi þá enn stóru hlutverki í þágu ÍR og var ennþá eina íþróttahús þess þó að sumar deildir hefðu afnot af skólasölum, einkum í Breiðholti. Látinn var í ljós áhugi á að kaupa húsið og þá væntanlega til niðurrifs. Upphæðir sem nefndar voru í því sambandi voru félaginu engan veginn að skapi og aðeins brot af brunabótamati, sem ÍR vildi fremur miða við. Bað félagið um að dómkvaddir matsmenn yrðu kallaðir til, en þegar til kastanna kom hvíldi friðun á húsinu og ekki hægt að farga því af þeim sökum.

Áhugi á því að kaupa ÍR-húsið vaknaði hjá borgarráði Reykjavíkur vorið 1970 er það fjallaði um umfangsmiklar tillögur umferðarnefndar borgarinnar um nýskipan umferðarmála

ÍR-heimilið á vígsludeginum 11. mars 1995.

á svæði í nágrenni Landakotstúns. Umferðarnefnd lagði m.a. til að gangstéttin sunnanvert við Túngötu yrði flutt inn á Landakotstún og bifreiðastæði gerð þar sem gangstéttin lá. Samkvæmt tillögunum þurfti að færa ÍR-húsið úr stað, það var fyrir áformum nefndarinnar, og því vaknaði áhugi borgarráðs fyrir kaupunum. Á sama tíma lá fyrir að ÍR áformaði að flytja starfsvettvang sinn úr gömlu borginni upp í Breiðholt, en ákvörðun þar að lútandi var tekin á aðalfundi félagsins 2. júní 1970.

Borgin vildi kaupa ÍR-húsið til niðurrifs 1970

Borgin sendi ÍR tillögu að samningi um kaup á ÍR-húsinu til „niðurrifs eða brottflutnings“ fyrir eina milljón króna. Kaupverðið vildi borgin hafa

vaxtalaust í eitt ár og ekki inna greiðslu af hendi fyrr en íþróttasvæði ÍR í Breiðholti hefði verið að fullu skipulagt og samþykkt í skipulagsnefnd og byggingarnefnd og síðarnefnda nefndin aukinheldur samþykkt uppdrætti að svæðinu. Stjórn ÍR gerði athugasemdir við samningsuppkastið. Sagði hún verðmætismat borgarinnar óraunhæft og vildi frekar að brunabótamat yrði lagt til grundvallar. Einnig lagði hún til að kaupverð yrði greitt ÍR eins og venja væri um kaup og sölu fasteigna og án skilyrða af borgarinnar hálfu um íþróttasvæði ÍR. Ennfremur að borgin greiddi hæstu vexti af eftirstöðvum umsamins söluverðs frá undirskrift samninga. Fjaraði málið smám saman út eftir þetta.

Þorbergur Halldórsson formaður ÍR á vígsluhátíð ÍR-heimilis 11. mars. 1995.

Eftir því sem ÍR flutti starfsemi sína meira og meira í Breiðholtið minnkuðu afnot félagsins af ÍR-húsinu smám saman. Þegar ÍR-heimilið við Skógarsel var tekið í notkun má segja að starfsemi félagsins við Túngötu hafi verið svo gott sem lokið. Sumarið 1995 hætti félagið þar allri starfsemi og leigði borginni húsið undir tómstundastarf. Síðustu 10–15 árin drabbaðist húsið niður vegna skorts á viðhaldi, einkum utanhúss, enda framtíð hússins í óvissu. ÍR freistaði þess að fá borgina til að kaupa húsið til varðveislu í samræmi við friðunarreglur en hvorki gekk né rak í því máli innan borgarkerfisins. Deildu félagið og kaþólski söfnuðurinn áfram um rétt ÍR til að hafa húsið áfram á sínum stað og reka það. ÍR bauð söfnuðinum húsið til kaups en hann var á því að fá það gefins eða kaupa það til málamynda á eina krónu. Viðræður stóðu árum saman en leiddu ekki til sátta. Lyktaði þrætunni með því að söfnuðurinn stefndi félaginu og krafðist heimildar til þess að láta bera félagið út með húsið af lóðinni við Túngötu. Á það féllst Héraðsdómur Reykjavíkur í september 1999 og Hæstiréttur staðfesti þann úrskurð mánuði seinna. Þennan rétt sinn til útburðar nýtti kaþólski söfnuðurinn þó ekki. Um ári síðar tók Reykjavíkurborg ÍR-húsið að sér.

Í millitíðinni var af borgarinnar hálfu rætt við kaþólska söfnuðinn um varðveislu hússins. Við Morgunblaðið sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri bestu leiðir til þess varla framkvæmanlegar. Söfnuðurinn hefði engan áhuga haft á að nýta það sem íþróttahús fyrir Landakotsskóla á sínum stað. Og með því að færa það neðar á Landakotstúnið, þar sem það stóð upphaflega, og varðveita sem fyrstu kaþólsku kirkjuna hér á landi væri sneið tekin af grænum svæðum sem væru af skornum skammti í vesturbænum.

ÍR-húsið við Túngötu var um rúmlega hálfrar aldar skeið aðalaðsetur félagsins. Þar fóru æfingar íþróttadeilda þess fram og þar var skrifstofa félagsins í áratugi. Saga hússins er fyrir margra hluta sakir sérstæð. Og um margt er hún íþróttasaga Íslands. Í áratugi stæltu sig þar til góðs árangurs og mikilla afreka ógrynni íþróttakarla og -kvenna. Þaðan eiga þúsundir félaga ánægjulegar endurminningar frá æfingum og félagsstarfi. Í lokakafla 25 ára afmælisritsins frá 1932 segir svo: „Þegar heimsblöðin geta farið að tala um Íslendinga í sambandi við stærstu afrek á alheimsmótum, þá er íþróttastarfsemin hér komin á réttan vettvang. Að sjálfsögðu leggur ÍR sinn skerf til þess að sú hugsjón rætist.“ Aldarfjórðungi síðar, árið 1956, stóð ÍR-ingurinn Vilhjálmur Einarsson á verðlaunapalli á Ólympíuleikum og árið 1961 setti sami íþróttamaður heimsmet í gamla ÍR-húsinu. Fregnir af þessu svo og afrekum Hauks og Arnar Clausen hafa birst í heimsblöðum og rættust því hugsjónir hinna ötulu forvígismanna félagsins að þessu leyti.

Til allrar lukku náðu áform borgarinnar um að kaupa ÍR-húsið til niðurrifs 1970 ekki fram að ganga. Kaþólski söfnuðurinn gerði harðar kröfur um flutning hússins af lóðinni til að rýma fyrir nýjum skóla. Málið tafðist nokkur ár í borgarkerfinu, m.a. vegna friðunarákvæða sem á húsinu hvíldu. Skipulagsnefnd borgarinnar var á því um skeið að flytja ÍR-húsið sem næst sínum upphaflega stað á Landakotstúni.

Niðurstaðan varð hins vegar sú að því skyldi komið í gott horf og varðveitt á Árbæjarsafni. Þar er því ætlað hlutverk barnahúss en verður einkum notað til sýninga tengdra íþróttum. Áður en það var flutt þangað síðsumars 2004 stóð það á fyllingu á geymslusvæði við Reykjavíkurhöfn um þriggja ára skeið. Var því lyft af grunni sínum við Túngötu árið 2001 og flutt niður að höfn. Verður sómi að húsinu á safninu, slíkt var hlutverk þess í íslenskri íþróttasögu. Um margt má segja að það hafi verið vagga íslenskra frjálsíþrótta í áratugi og jafnvel fleiri íþrótta, svo sem körfuboltans, lyftinga o.fl.

Húsverndarnefnd Reykjavíkur lagði hins vegar til að húsið yrði friðað og Menningarmálanefnd borgarinnar tók undir það og lagðist alfarið gegn niðurrifi þess. Lagði hún til að húsinu yrði fundin verðug staðsetning og hlutverk með tilliti til sögu þess. „Í húsinu er stór hluti íslenskrar íþróttasögu skrifaður og er það miðpunktur þess sem kallað hefur verið gullöld íslenskra frjálsíþrótta,“ sagði nefndin.

Endurgerð ÍR-hússins á Árbæjarsafni hefur miðast að því að varðveita það sem íþróttahús. Salurinn verður nýttur til sýningar- og samkomuhalds. Húsið stendur efst á safnsvæðinu og verður

svokallað barnahús safnsins. Þar verða sýningar, dagskrár og viðburðir sem tengjast lífi og starfi barna og ungmenna í borginni. Í samstarfi við félag leikskólakennara, fræðslumiðstöð og íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur verður þar sýnt líf reykvískra barna í sinni breiðustu mynd.

Bretar hertóku ÍR-húsið en borguðu bæði leigu og endurbætur

ÍR-húsið við Túngötu var meðal þeirra mannvirkja sem tekin voru traustataki daginn sem breskur her gekk á land á Íslandi, 10. maí 1940. Starfsemi félagsins lamaðist á svipstundu, hætta varð æfingum og fresta öllum áformum um fimleikasýningar um sumarið. Fékkst því enginn mælikvarði á upp-

Mikill fjöldi fólks sótti vígsluhátíð ÍR-heimilisins 11. mars 1995.

byggingarstarf félagsins í fimleikum, sem talið var allvel á veg komið og hefði komið betur í ljós ef flokkarnir hefðu getað haft sýningar þær sem áformaðar voru. Þá varð félagið af tekjum með töku hússins því Tennis- og Badmintonfélag Reykjavíkur hafði samið um að fá leigða í því 24 tíma á viku fyrir badmintoniðkun mánuðina maí, júní, júlí og ágúst á 5 krónur tímann eða um 500 krónur á mánuði.

Forráðamenn ÍR reyndu allt hvað þeir gátu til að fá breska setuliðið til að yfirgefa húsið og ennfremur borga leigu fyrir afnotin af því og bæta skemmdir á húsnæðinu. Einnig kröfðu þeir Bretann um bætur fyrir tveggja mánaða kaup sem félagið var skuldbundið til að greiða kennara sínum.

Haraldur Johannessen var formaður félagsins og umsjónarmaður ÍR-hússins þegar Bretar hernámu það. Hann gerði ítrekaðar tilraunir til að ná fram hagkvæmum skilmálum við Englendingana fyrir þann tíma sem þeir notuðu húsið og freistaði þess að semja við þá um að hverfa þaðan að hausti svo vetrarstarfsemi ÍR félli ekki niður. Fljótlega eftir töku hússins fékk hann setuliðið til að fallast á að borga fyrir afnotin en um það sá húsaleigunefnd Breta, sem Lárus Fjeldsted hæstaréttarmálaflutningsmaður var formaður fyrir. Greidd var strax leiga til 19. maí með krónum 170 sem samsvaraði tæplega 600 krónum á mánuði.

Í bréfi til Fjeldsteds 27. júní segist Haraldur hins vegar hvorki hafa séð neitt né heyrt af þessu máli meir. Kvartar jafnframt undan því að nú sé kominn í húsið allt annar herflokkur, bæði fjölmennari og umgengnisverri.

„Skornar hafa verið í sundur rúður í gluggum og gluggar settir á hjarir, allt án minnar vitundar eða leyfis," segir í bréfinu, og látinn í ljós ótti um að einhverju hafi verið einnig breytt innandyra. Gerði hann kröfu um 600 króna leigu um mánuðinn frá 20. maí til 20. september fyrir það húsnæði sem félagið sjálft hafði haft yfir að ráða, en hluta hússins höfðu kvenskátar leigt af ÍR og ætlast var til að samið yrði sérstaklega við þá um bætur.

Óhrjáleg aðkoma er ÍR-ingar endurheimtu ÍR-húsið úr klóm breska heimsveldisins

Haraldur ætlaðist til að breska setuliðið færi úr húsinu 20. september svo hægt yrði að hefja vetrarstarfsemina á réttum tíma í byrjun október. Í byrjun september hafði enginn árangur orðið af þessum tilraunum. Sneri hann sér því til Torfa Þórðarsonar, sem kosinn var formaður ÍR sumarið 1940, og fór þess á leit við hann að ganga fram í þessu máli. Torfi og Helgi Jónasson frá Brennu áttu tal við fulltrúa setuliðsins 3. og 4. september um málið þar sem því var lofað að herliðið yfirgæfi húsið fyrir 1. október 1940. Gengist var inn á að greiða skemmdir á áhöldum og húsi eftir mati og Lárus Fjeldsted bjóst við að samkomulag mundi nást um leigu fyrir húsið innan skamms. Kvaðst hann mundu gera sitt besta í því máli.

ÍR-ingar endurheimtu íþróttahúsið við Túngötu úr klóm breska heimsveldisins 3. október 1940 er það yfirgaf húsið. Aðkoman var fremur óhrjáleg en rétt áður en setuliðið lagði ÍR-húsið undir sig hafði þar farið fram gagnger hreinsun, málun og viðgerð. Í fimleikasalnum þar sem aldrei hafði



verið leyft að ganga um gólf nema á fimleikaskóm hafði verið þrammað um á járnuðum gönguskóm og gólfið því sérstaklega illa farið. Fimleikadýnur og mottur höfðu verið notaðar sem gólfþurrkur og voru því ónýtar.

Glæsileg myndasýning á vígluhátíð ÍR-heimilisins 11. mars 1995.

Strax var hafist handa við hreingerningu og viðgerðir. Málun fór fram á fimleikasal, búnings- og baðklefum, gangi og áhaldaherbergi. Einnig fóru fram ýmsar lagfæringar á húsinu til mikilla bóta fyrir þá er það notuðu. Tíu dögum eftir að húsið fékkst aftur sendi stjórn ÍR frá sér virðingu á skemmdum á húsi og áhöldum félagsins vegna dvalar breska herliðsins. Kröfur til bóta á húsinu námu 6.359,15 krónum og 540 krónum vegna ónýtra fimleikaáhalda eða nauðsynlegra viðgerða á þeim. Matið, sem kröfurnar

byggðust á, fékk Haraldur Johannessen viðurkennda meistara til að vinna, en þeir voru Ágúst Markússon veggfóðrarameistari, Guðni og Þráinn hreingerningamenn Þórsgötu 15 og málarameistararnir Valdimar Hannesson

og Jón Bergsteinsson. Kröfur um bætur samkvæmt þessu mati voru sendar bresk-íslenskri matsnefnd sem starfaði í umboði hersins. Þar voru fyrri kröfur Haraldar á hendur setuliðinu um húsaleigu ítrekaðar og jafnframt gerð krafa um leigu þar til húsið yrði komið í lag og hægt að taka það í notkun fyrir íþróttastarfsemi.

Undirritaður verksamningur talið f.v. Þorsteinn Þorsteinsson úr byggingarnefnd, verktaki, Þorbergur Halldórsson formaður félagsins og byggingarnefndar og Halldór Bergmann svæðisstjóri ÍR. Á árunum 1995 og 1996 voru miklar framkvæmdir og má nefna byggingu frjálsíþróttavallarins með tartan-hlaupabraut, gerð og malbikun fyrri hluta bílastæðis sem endanlega var gengið frá árið 2002, gerð æfingagrassvæðis (svonefnt Wembley) og girðingarvinnu. Gengið var síðan frá áhorfendastæðum keppnisvallar 2001.

Haraldur leitaði liðsinnis Ólafs Thors við að knýja Bretana til svars

Enn á ný hljóp tregða í leigu- og bótamálin og vikum saman heyrðist ekki stuna frá Bretunum. Í lok október hafði setuliðið einungis greitt þær 170 krónur sem það innti af hendi strax í maí, kostnaður vegna viðgerða var farinn að hlaupa á þúsundum og félagið hafði orðið af um 2.000 króna leigutekjum fyrir umsamda tíma TBR yfir sumarið. Þrýstingur úr ýmsum áttum hafði lítinn árangur borið. Stjórn félagsins og ráðsmaður ÍR-hússins settust enn einu sinni á rökstóla og þar var ákveðið að grípa til þess ráðs að Haraldur Johannessen leitaði liðsinnis hjá ríkisstjórninni. Skrifaði hann Ólafi Thors svohljóðandi bréf 26. október 1940:

Kæri vin.
Um daginn var ég að segja þér svolítið af viðskiptum Íþróttafélags Reykjavíkur og breska heimsveldisins, og var sú saga heldur til vansa því breska. Þá bauðst þú til að taka málið að þér, en tókst þig svo á, og sagðir það væri kannske ekki vert. Skildum við þá snögglega og varð ekki meira rætt um það.

Síðan hefi ég oft hugsað um þetta lauslega samtal okkar, og nú komizt að raun um, ef allt á að fara vel, að þá ert þú einmitt rétti maðurinn til að koma bretanum í skilning um að það er ekki hægt að fara eins að ráði sínu við fátækt íþróttafélag og þeir hafa gert hingað til, því satt að segja erum við á leiðinni að tapa húsinu, sem við vorum alveg nýbúnir að koma upp úr skítnum, ég meina, húsið var að verða arðvænleg eign, og því félaginu styrkur.

En svo kemur bretinn og hertekur húsið 10. maí í vor þegar allt er í fullum gangi. Starfsemi félagsins þarf að hætta og leigjendurnir reknir út. Við vonuðumst eftir húsaleigu frá bretanum, í það minnsta eins mikla og

við áttum von á yfir sumarmánuðina, að öllu óbreyttu, enda borgaði liðið er hertók húsið eins og við gerðum okkur vonir um, eða 170 kr., fyrir 9 daga, sem svarar til 550 yfir mánuðinn, fyrir þann hluta sem ofannefnt lið tók af okkur. Skátastúlkunum greiddu þeir sérstaklega en hvað mikið veit ég ekki, enda getum við ekki gert kröfu um það húsnæði, því það er leigt með samningi, dags. 11. sept. 1939, og ráða þær því yfir því húsnæði en ekki við.

Samkvæmt auglýsingu í blöðunum sendi ég bréf til nefndarinnar, sem á að sjá um að allt fari heiðarlega fram, og gerði kröfu um 500 kr. yfir mánuðinn og 400 kr. kaupkröfu vegna kennara félagsins, sem hætti kennslu tæpum tveim mánuðum fyrr en um var samið, en að sjálfsögðu urðum við að greiða honum allt hans, og gerðum.

Næsta skref er það, að nefndin metur húsnæðið, án þess ég viti og án þess ég óski, því ég bað ekki um mat, heldur peninga fyrir notað húsnæði, og er sú upphæð kr. 500 svo sanngjörn að ég skil ekki, ef tekið er tillit til allra aðstæðna, hvernig nokkrum manni kemur til hugar að fara fram á afslátt, þegar sannanlegt er að við gátum leigt húsið yfir sumarmánuðina fyrir hærra verð en við fórum fram á.

Loksins hinn 20. sept., en þá var áfallin 4 mánaða húsaleiga er hringt í mig í Landsbankann og mér sagt að koma kl. 9 f.h. daginn eftir til viðtals við einhvern breta. Spurði ég þá hvað ég hefði brotið af mér, en svarið var að það væri viðvíkjandi húsaleigunni í ÍR-húsinu, (ég talaði við íslending, sem sagðist vera túlkur). Svaraði ég því að hér væri ekkert um að tala, og vildi vera laus við að eyða dýrmætum tíma bretans og mín til að hlusta á prútt brezka heimsveldisins, og sagði sem satt var, að allt þessu viðvíkjandi lægi skriflega fyrir hjá nefndinni. Þetta spannst svo orð af orði (í góðsemi þó) og endaði með því að ég bauð að gefa brezka heimsveldinu áfallna húsaleigu, ef þeir færu úr húsinu straks þann 20. sept., og bað ég nú túlkinn að túlka rétt. Kom hann að vörmu spori aftur í símann og sagðist eiga að spyrja hvort ég vildi ekki hugsa mig betur um og lengur, og svaraði ég því fljótlega til, að í þessum (mínum) enda símans væri Íslendingur og því þyrfti hann ekki lengri umhugsunarfrest.

Hefðu bretarnir nú farið 20. sept. hefði ég staðið við mitt flotta boð, en nú er öðru máli að gegna. Þeir lofuðu síðar að vera farnir fyrir mánaðamót sept-okt., en fóru ekki fyrr en 5. okt., eða daginn eftir að ég hringdi til hrm. L. Fjeldsted til að vekja þá í nefndinni, og láta þá vita að frá 1. okt. kostaði húsnæðið aðeins krónur 50 á dag. Og hefðu þeir farið 20. sept. hefðum viðhaft 10-12 daga til að gera húsið í stand eftir okkar bestu getu, en nú fáum við ekkert í húsaleigu fyrir október, ekki einu sinni frá bretunum.

Þegar ég var orðinn úrkula vonar um að fá greidda nokkra húsaleigu frá

bretanum, afréð ég samt að fá kunningja og vini, (trésmiði, málara, dúkleggjara o.fl.) til að koma húsinu í það horf aftur að hægt væri að hefja þar fimleikakennslu, svo við þyrftum þó ekki að tapa fleiri mánuðum, en það er fyrst í dag að þessir menn gátu hafið starfið, svo mikið hafa þeir haft undan-farið að gera, enda versti tími ársins að biðja menn að gera sér greiða á þessu sviði. En þrátt fyrir allt gera þessir menn þetta fyrir mig í því trausti, að okkur takist einhvern tíma að greiða þeim.

Næsti þáttur þessa máls er, að núverandi formaður ÍR, Torfi Þórðarson, ritari í atvinnum.rn., talar við nefndina fram og aftur og aftur og fram. Nýtt loforð við hverja samræðu og

Lagning tartanbrautar frjálsíþróttavallar.

alls ekkert annað, og erum við nú uppgefnir á öllu þessu prútti brezka heimsveldisins og snúum okkur til þín (ég ætlaði þó að lofa þér að vera í friði hvað þetta mál snertir) í því trausti að þú gerir svo vel og hellir yfir bretann þinni alkunnu röggsemi þannig, að við þurfum ekki að sjá á eftir kofanum undir veðdeildarhamarinn.

Afrit af skaðabótakröfum o.fl. fylgir hérmeð, svo þú sérð að við þykjumst eiga hönk upp í bakið á bretanum, og vilji þeir ekki greiða húsaleiguna, þá geta þeir tæplega komist hjá því að greiða það, sem þeir hafa eyðilagt í húsinu og af fimleikaáhöldum félagsins.

Kæri vin, ef þú einhvern tíma kemst svo langt í þessu bréfi að lesa þessi síðustu orð, þá vil ég geta þess, að þú ert síðasta vígið. Með besta fyrirfram þakklæti kveð ég þig, allra virðingarfyllst H. Johannessen (sign.)

Ný kröfugerð um leigu var send húsaleigunefnd breska setuliðsins 14. nóvember og hljóðaði hún upp á 3.745 krónur þannig að heildarkrafan á hendur Bretunum nam þá 10.644,15 krónum. Nú var krafist húsaleigu fyrir tímann sem herliðið var í húsinu og einnig tímabilið sem tók að koma því í lag, frá 5. október til 18. nóvember, leigu fyrir húsnæði skátastúlknanna, m.a. stórt herbergi sem enn var ónothæft, og kaup kennara í maí og júní, kr. 200 á mánuði.

Óljóst er hver þáttur Ólafs Thors var í að ná niðurstöðu í málinu, en eftir mikla vafninga tókst loks samkomulag á þann veg að Bretar greiddu alls í húsaleigu kr. 2.500 og fyrir skemmdir o.fl. kr. 2.815. Rann allt það fé í hússjóð og var notað til ýmis skonar endurbóta á ÍR-

húsinu. Einnig greiddu þeir félaginu fyrir skemmdir á áhöldum kr. 540 og upp í kennarakaup fyrir tvo mánuði kr. 400. Alls hefur þá félagið fengið frá Bretum kr. 6.255 en slegnar voru af húsaleigukröfunni rúmar 1.200 krónur og 3.500 af viðgerðakröfunni. Þess má svo geta, að vegna hernámshremminga ÍR veitti Íþróttasamband Íslands félaginu 1.000 króna styrk.

Þar sem viðgerðir á ÍR-húsinu tóku lengri tíma en ætla mátti, m.a. vegna þess að erfitt var að fá iðnaðarmenn til verksins, hófust æfingar þar ekki fyrr en 18. nóvember. Var það langþráð stund, bæði í huga forráðamanna félagsins og ekki síður íþróttamannanna.

Hugað að nýju íþróttahúsi

Ekki var nema um áratugur liðinn er margþætt, umfangsmikil og vaxandi starfsemi ÍR hafði sprengt utan af sér húsnæðið í Túngötunni, sem tvímælalaust hafði verið öruggasta lífakkeri þess. Á þessum tíma hafði íþróttakennsla verið algerlega hornreka allt frá barnaskólum upp í Háskóla Íslands og þjóðin sótti því hreysti og líkamsmennt til íþróttafélaganna. Í byrjun fimmta áratugarins þótti ÍR-húsið allt of lítið. ÍR vildi því eignast nýtt hús – framtíðarheimili – sem fullnægði þeim kröfum sem þurfti og varð að gera til íþróttahúsa. Til þess að hrinda því máli í framkvæmd valdi félagið fimm manna nefnd, sem í samvinnu við formann og stjórn félagsins átti að safna fé og vinna að undirbúningi húsbyggingarinnar. Nokkurt fé var þá þegar í vörslu nefndarinnar og auk þess hafði hún nú sem fyrr fullan vilja á að auka það fé og margfalda. Haraldur Johannessen var enn á ný orðinn formaður ÍR og auk hans völdust í nefndina Þorsteinn Scheving Thorsteinsson lyfsali, Einar Pétursson stórkaupmaður, Sigurliði Kristjánsson kaupmaður og Gunnar Einarsson framkvæmdastjóri.

Fyrir forgöngu Péturs Ottesens alþingismanns heimilaði Alþingi ríkisstjórninni veturinn 1942–43 að veita félaginu lóð undir byggingu fyrir íþróttastarfsemi sína. Samkomulag náðist við skipulagsnefnd um stað fyrir bygginguna, en bið eftir leyfisbréfi ríkisstjórnarinnar fyrir lóðinni varð nokkuð löng. Í Þrótti, félagsblaði ÍR, í október 1943 sagði að ekkert bólaði enn á Birni Ólafssyni fjármálaráðherra. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir húsbyggingarnefndar ÍR og stjórnar ÍSÍ til að fá afsalsbréf fyrir lóðinni hefði enn ekkert ákveðið svar fengist frá ráðherra. Leið fram í ársbyrjun 1944 er ríkisstjórnin tilkynnti loks að hún myndi samkvæmt heimild Alþingis afhenda ÍR leigulausa lóð undir íþróttahús næst austan við Sambandshúsið við Sölvhólsgötu.

Með leyfisbréfið fyrir 610 fermetra lóð við Sölvhólsgötu í höndunum hófust forystumenn félagsins handa. Í Morgunblaðinu 19. febrúar 1944 var í langri frétt undir fyrirsögninni „Íþróttafélag Reykjavíkur ætlar að byggja stórhýsi“ sagt frá áformum félagsins. Fjallað var um starfsemi

þess og rakið hvernig það hefði fært út kvíarnar á mörgum sviðum. Meira fjör væri í félaginu en nokkru sinni fyrr. Félagsmenn legðu stund á íslenska glímu, hnefaleika, knattspyrnu, sund, tennis, handknattleik, skíði auk fimleika og frjálsíþrótta. Með betri og stærri húsakynnum myndi félagið enn bæta við sig mörgum íþróttagreinum og skapa æskulýð bæjarins betri skilyrði til hollra íþróttaiðkana. Hefðu ÍR-ingar sett sér það mark að vera búnir að koma upp íþróttahúsinu á 40 ára afmæli félagsins 11. mars 1947. Húsið væri í teikningu og yrði bráðlega hægt að birta mynd af „þessu fyrsta fullkomna íþróttahúsi, sem einstakt íþróttafélag réðist í að reisa hér á landi“.

Í forsíðugrein í félagsblaðinu Þrótti í júní 1944 var bjartsýnin í fyrirrúmi. Þar var ítrekað að takmarkið væri að fertugsafmæli ÍR, hinn11. mars 1947, yrði hátíðlegt haldið í hinum nýju salarkynnum. Með nýbyggingunni við Sölvhólsgötu átti að rætast úr þeim erfiðleikum sem ÍR-ingar áttu nú við að stríða vegna ófullnægjandi húsakosts. En Þróttur sagði jafnframt: „Jafnhliða því sem með þessari byggingu verður bætt úr brýnni þörf ákveðins félags er um leið til lykta leitt vandræðamál, sem fyrir löngu hefði þurft að vera leyst. Með þessari byggingu er tryggt í þessum bæ viðunandi húsnæði til hverskonar íþróttasýningar og keppni. En það getur ekki vansalaust talist að í svo stóru bæjarfélagi sem Reykjavík skuli þannig ástatt, að íþróttamenn verði að fá inni hjá erlendum her til stærri íþróttasýninga og kappleikja. Ætti húsbyggingarmáli ÍR af þeim sökum að vera fyrirfram tryggður stuðningur hvers einasta Reykvíkings, og raunar hvers þess Íslendings, sem nokkurn þjóðarmetnað hefir. ÍR-ingum hefir nú verið fenginn staður fyrir framtíðaraðsetur í hjarta bæjarins. Þeirra er nú að standa fast saman og linna ekki þeirri sókn, sem þeir nú hafa hafið, fyrr en reist hefir verið veglegasta íþróttabygging þessa lands.“ Ekkert varð úr þessum háleitu áformum og um síðir afsalaði félagið sér lóðinni við Sölvhólsgötu árið 1954 og fékk fyrir hana 25.000 krónur.

Boðið að kaupa Andrews-íþróttahöllina við Hálogaland

Áform um húsbyggingu höfðu verið lögð á hilluna, a.m.k. í bili, þegar ÍR barst boð um að kaupa amerísku íþróttahöllina við Hálogaland. Málið var í höndum Haralds Johannessen, sem látið hafði af formennsku ÍR í lok maí 1944. Undirbjó hann það rækilega fyrir félagið og hafði meðal annars haft tal af formönnum KR og Ármanns um að félögin þrjú hefðu samstarf um kaupin. Af formanni Sölunefndar varnarliðseigna hafði hann tekið loforð um að gera sitt til þess „að kaupin verði viðráðanleg fyrir félögin bæði hvað verð og skilmála snertir“ svo og „að allt lauslegt í bragganum verði látið fylgja“, svo sem segir í greinargerð Haralds til stjórnar ÍR 9. ágúst 1944. Mæltist hann til þess í bréfinu að stjórnin tæki afstöðu til þessa máls og væri hún samþykk frekari samvinnu og samningum, að kjósa einn mann úr sínum hópi til samvinnu við menn frá hinum félögunum. Stjórnin var málinu hliðholl; að leitað skyldi hófanna um kaup á íþróttahöllinni ásamt KR og Ármanni ef viðráðanlegt verð og skilmálar fengjust. Samþykkti hún einróma að fara þess á leit við Harald að taka, af ÍR hálfu, sæti í samninganefndinni og veitti honum fullt og ótakmarkað umboð til að semja um kaup á húsinu og einnig – ef á þyrfti að halda – kvikmyndahúsi ameríska Rauða krossins, sem stóð milli Baldurshaga og Geithals, en það hafði verið dregið inn í viðræðurnar.

Af kaupum á Hálogalandshúsinu varð ekki, vegna ófyrirsjáanlegra atvika, eins og Haraldur komst að orði í bréfi til stjórnarinnar í janúar 1945. Þar átti hann við átök við Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) um húsið. Naut bandalagið óskoraðs stuðnings margra minni íþróttafélaga sem stóð ógn af kaupum stóru félaganna þriggja á húsinu. Íþróttafulltrúi ríkisins var og andvígur þeirri leið í minnisblaði til fjármálaráðuneytisins. Gekk svo langt í átökunum um húsið að Gunnar Þorsteinsson, formaður ÍBR, sagði af sér í mótmælaskyni. Hann féllst þó á það um síðir að sitja áfram en yfir ÍR, KR og Ármanni vofði þó áfram hótun um að bandalagið yrði leyst upp ef þau drægju sig ekki í hlé.

Úthlutað íþróttasvæði í Vatnsmýri

Það var ekki aðeins að ÍR vantaði aukið húsrými til íþróttaæfinga heldur skorti það einnig eigið félagssvæði undir æfingavelli. Af þeim sökum var ákveðið á stjórnarfundi 4. ágúst 1944 að fara þess á leit við bæjarstjórn Reykjavíkur að félaginu yrði úthlutað svæði undir æfingavelli í Vatnsmýrinni vestan Njarðargötu. Tregt var um svör því á aðalfundi í febrúar 1948 skýrði formaður félagsins, Sigurpáll Jónsson, frá því að stjórnin hefði farið fram á að bærinn úthlutaði félaginu lóð í Norðurmýri fyrir íþróttasvæði, en svar hefði ekki borist.

Malbikun bílastæðisins 1996. Á myndinni eru f.v. Guðmundur Ólafsson gjaldkeri félagsins og byggingarnefndar og Halldór Bergmann svæðisstjóri ÍR og verktaki.

Um þessar mundir var unnið að því á vegum yfirvalda að skipta Reykjavík upp í íþróttahverfi og marka þannig yfirráðasvæði stóru félaganna. Þar var út frá því gengið að marka ÍR athafnasvæði á Vatnsmýrarsvæðinu og umsókn félagsins um lóð í Norðurmýrinni var því ekki á dagskrá hjá bænum. Var félaginu úthlutað lóð í Vatnsmýrinni fyrir austan og sunnan Hjónagarðana norðan vegarins gegnt Tívolí. Haustið

1950 var skipuð nefnd til að hefjast handa um undirbúning íþróttasvæðisins, sem félaginu hafði verið úthlutað sunnan við skemmtigarðinn Tívolí. Í henni voru Haraldur Johannessen, formaður, Sigurpáll Jónsson, Hörður Björnsson, Gunnar Steindórsson, Reynir Sigurðsson og til vara Finnbjörn Þorvaldsson.

Undirbúningi framkvæmda í Vatnsmýri miðaði hægt og fjárhagur félagsins leyfði ekki stórframkvæmdir. Stóð hugur manna fyrst og fremst til þess

Á 90 ára afmælishátíð ÍR á hlaupabrautinni þar sem meðal annars fór fram barnaboðhlaup og við ræðupúltið eru Þorbergur Halldórsson formaður ÍR og Ingibjörg Gísladóttir sem var ræsir og bæði fluttu þau ávörp.

að byggja félagsheimili og íþróttahús sem hentaði starfsemi félagsins, en ekki gera stóra leikvelli. Um tíma, árið 1954, beitti formaður ÍR, Jakob Hafstein, sér fyrir því að íþróttasvæði ÍR yrði byggt upp í samvinnu við Knattspyrnufélagið Þrótt. Ætla má að það hefði getað leitt til þess að hið unga félag sameinaðist ÍR sem með því hefði tekið knattspyrnu aftur upp á arma sína. Stjórn félagsins var þessu hlynnt og samþykkti út af fyrir sig að viðræður yrðu teknar upp við Þrótt en þar hlaut málið engar undirtektir.

Í erindi ÍR til Gunnars Thoroddsen borgarstjóra í apríl 1954 var lýst þörf félagsins fyrir að geta hafist handa við vallargerð í Vatnsmýri og byggingu félagsheimilis og fimleikahúss. Vísað var til þess, að einungis níu ár væru eftir af þeim tíma sem félagið hefði heimild til að starfrækja íþróttahús sitt við Túngötu. Jafnframt var lýst yfir vilja til að láta Reykjavíkurborg eftir afnot af verulegum hluta væntanlegs félagsheimilis endurgjaldslaust um ákveðið árabil til starfrækslu barnaheimilis frá miðjum maí og fram í september og miða byggingu félagsheimilisins við slíka aðstöðu. Málum væri þó þannig háttað að ÍR ætti allmiklar eignir, en hins vegar ekkert lausafé til þess að geta hafið framkvæmdir. Til þess að reyna að glæða áhuga borgarstjóra á framkvæmdunum í Vatnsmýri og liðka fyrir fjármagni til þeirra var borginni í erindi þessu annars vegar boðin til kaups jörð og mannvirki á Kolviðarhóli og hins vegar 3.300 fermetra eignarlóð utan skemmtigarðsins Tívolís sem fylgdi með í kaupunum á garðinum. Lagði ÍR til að Kolviðarhóll yrði gerður að heimili fyrir vandræðadrengi.

Svo fór að borgin keypti Kolviðarhól í október 1955 en aldrei varð neitt úr því að ÍR hæfi framkvæmdir við íþróttasvæðið í Vatnsmýrinni. Fjárhagur félagsins um og upp úr 1950 var helst til naumur til að fara út í stórfram-

kvæmdir, svo sem áður er vikið að. Kaup félagsins á Tívolí 1952 bættu ekki úr skák. Ætlunin með þeim var m.a. að afla félaginu, og þá sérstaklega byggingarsjóði þess, fastra tekna. Reyndist það algjör tálvon því kaupin mörkuðu upphaf mikilla erfiðleika sem á endanum lögðu fjárhag félagsins nánast í rúst – og dugði lítt þótt Kolviðarhóll væri seldur bænum á þeim tíma.

Í tengslum við tilraunir félagsins til að losa sig við Tívolí og lóð þess beindist hugur forráðamanna félagsins að því að losna við Vatnsmýrarsvæðið og fá heldur athafnasvæði í nýrri borgarhverfum með makaskiptum á lóðum. Árið 1962 fékk þáverandi formaður ÍR, Reynir Sigurðsson, teiknistofu Skarphéðins Jóhannssonar arkitekts til að gera uppdrátt að íþróttahúsi í Laugardal fyrir neðan byggð við Laugarásveg á mótum þeirrar götu og Sundlaugavegar. Var hugmyndin sú að félagið reisti þar íþróttahús með góðum sölum og aðstöðu fyrir félagsheimili en nýtti að öðru leyti aðra þá aðstöðu sem borgin áformaði að byggja og byggði í dalnum fyrir íþróttastarfsemi borgarbúa, s.s. íþróttavöll, sparkvelli, sundlaug o.s.frv.

ÍR sótti um athafnasvæði í Laugardal

Stjórnin skrifaði borgarráði hinn 14. janúar 1963 bréf og fór fram á að félaginu yrði úthlutað athafnasvæði í Laugardal og Fossvogi til vara. Þvældist málið í kerfinu og varð lítið um svör við erindum ÍR. Við athugun Sigurðar Gunnars Sigurðssonar, varaslökkviliðsstjóra Reykjavíkur og nýkjörins formanns ÍR, á því árið 1965 hvernig málið stæði hjá ráðamönnum borgarinnar kom í ljós að ekki var samstaða á því heimili um að ákveða félaginu svæði í Laugardalnum. Var því erindi félagsins um Laugardalinn ekki afgreitt. Fengust aldrei nauðsynleg leyfi til að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd og forystumenn félagsins sáu engan tilgang í því að reyna fylgja henni eftir innan borgarkerfisins.

Áfram var því unnið að útvegun nýs athafnasvæðis fyrir ÍR og gætti óþreyju í félaginu yfir því hve hægt málinu miðaði. Var mönnum ljóst að lóðarsamningur vegna ÍR-hússins var útrunninn og margt benti til þess að stuttur frestur yrði gefinn til að fjarlægja húsið. Þau mál þróuðust þó með allt öðrum hætti, en samt var ÍR að mati forystumanna félagsins á þessum tíma orðið of seint til að koma sér upp nýju húsi áður en gamla og góða ÍR-húsið yrði að víkja. Á aðalfundi félagsins á Café Höll í maí 1965 var að tilhlutan Ragnars Þorsteinssonar og Arnar Eiðssonar samhljóða skorað á stjórn ÍR að fá úthlutað lóð undir félagsheimili og félagssvæði fyrir aðalfund félagsins 1966. Mikil gróska var á þessum tíma í öllu félagsstarfinu og vonaði stjórnin að svo yrði áfram, enda stefnt að því að árið 1967 yrði stórt ár fyrir ÍR, en þá yrði félagið 60 ára. Þó var ljóst að fjármagn til væntanlegrar nýbyggingar væri af skornum skammti

hjá félaginu. Albert Guðmundssyni, fyrrverandi knattspyrnusnillingi og síðar ráðherra, hafði að vísu tekist í stjórnartíð sinni 1959–1961 að rétta fjárhag félagsins við, vinna á óreiðunni og koma félaginu í skil. Áfram stóð til að leggja leigutekjur ÍR-hússins í sjóð til nýbyggingar, en sjóðurinn var rýr í byrjun ársins 1966 því gengið hafði verið á leigupeningana til að standa undir íþróttastarfinu þar sem styrkir til deilda frá ÍBR og ÍSÍ dugðu þeim hvergi. Einnig hafði fé farið til viðhalds á húsinu.

Gunnar Sigurðsson var kjörinn formaður á aðalfundinum í Café Höll og við athuganir hans hjá borgarverkfræðingi og skipulagsstjóra á því hvar helst væri möguleiki á að fá íþróttasvæði í borginni var bent á tvö svæði, í Fossvogi og í Árbæ. Var íþróttaráði ritað bréf 17. september 1965 þar sem óskað var eftir því að félaginu yrði úthlutað svæði í Fossvoginum fyrir starfsemi sína. Var vogurinn síðasta svæðið vestan Elliðaáa sem við blasti að skipuleggja en áætlað var að þar yrði um 5.000 manna byggð. Náði umsóknin fram að ganga og afhenti þáverandi borgarstjóri, Geir Hallgrímsson, lóðina formlega í 60 ára afmælishófi ÍR, í Lídó 7. apríl 1967. Á aðalfundi 2. júní 1967 var samþykkt að hefja undirbúning að hefja þar uppbyggingu.

Stjórn ÍR með Sigurð Gunnar Sigurðsson í fararbroddi hófst þegar handa. Leitað var eftir tillögum einstakra deilda um skipulag á nýju íþróttasvæði félagsins í Fossvogi. Einnig var íþróttanefnd ríkisins ritað bréf þar sem þess var óskað að hún veitti félaginu aðstoð við skipulagningu íþróttasvæðisins. Í júní 1968 gengu fimm forystumenn ÍR, Sigurður Gunnar Sigurðsson, Gunnar Petersen, Þorsteinn Hallgrímsson, Gísli B. Kristjánsson og Haukur Hannesson, á fund Þorsteins Einarssonar, íþróttafulltrúa ríkisins, og ræddu við hann um íþróttasvæðið, skipulag þess og aðstoð ríkis og bæjar. Þar tók íþróttafulltrúi að sér að láta gera teikningu að íþróttasvæðinu. Rætt var um að þar kæmi fram fullstór íþróttavöllur með hlaupabraut, vallarflötur 110 x 70 metrar, handknattleiksvöllur 40 x 25 metrar, körfuknattleiksvöllur 16 x 30 metrar, blakvöllur 12 x 24 metrar, búningsherbergi, íþróttahús, sundlaug með tilheyrandi búnaði, nauðsynlegt svæði fyrir bílastæði, útivistarsvæði og upplýst skokkbraut. Daginn eftir fól íþróttafulltrúi teiknistofunni Ármúla 6 að gera tillögu að skipulagi svæðisins svo að stjórn félagsins og aðrir viðkomandi aðilar gætu áttað sig á hvað rúmaðist á umræddri lóð.

Skiptar skoðanir um hvort vera skyldi í Fossvogi eða flutt í Breiðholt

Stjórnin boðaði félagsmenn til fundar í júní 1969 á Hótel Loftleiðum, til að ræða um íþróttasvæðið og skipun byggingarnefndar. Miklar umræður urðu þar og skoðanir voru skiptar. Sigurjón Þórðarson, fyrrverandi formaður ÍR, viðraði nýtt sjónarmið og vildi leggja öll áform um Fossvogssvæðið á hilluna. Hann taldi þá annmarka vera á staðsetningu svæðisins að aðkeyrsluleiðir væru takmarkaðar, skortur á bílastæðum og íbúafjöldi yrði mikill í nánasta nágrenni þess. Lagði hann til að byggingarframkvæmdum yrði frestað að sinni og félagið leitaði sér að aðstöðu til bráðabirgða með því að yfirtaka Hálogaland. Hvatti Sigurjón til að ÍR reyndi heldur að ná fótfestu í Breiðholtshverfi, jafnvel með því að setja upp knattspyrnusvæði þar.

Þessu var Sigurður Steinsson andvígur og lagði áherslu á veðursæld og staðsetningu svæðisins í Fossvogi sem tengdi saman fleiri hverfi. Um þetta voru mjög skiptar skoðanir á fundinum og skiptust fundarmenn í tvo hópa. Raddir gegn því að svæðið í Fossvogi yrði látið af hendi voru þó öllu sterkari. Þórir Lárusson taldi að fyrirhugað svæði yrði útundan í samvinnu kirkjusókna bæjarins og íþróttafélaga og sagði fjárhagslegan ávinning af því að flytja í Breiðholtið þar eð vænta mætti meiri aðstoðar bæjarins vegna uppbyggingar þar. Gunnar formaður sagði að með því að leita í Breiðholtið myndu aðstöðumál ÍR dragast enn frekar á langinn og á þeirri forsendu einni saman kvaðst hann andvígur hugmyndinni um sókn í Breiðholtið.

Á fundinum var Sigurði Gunnari, Herði Björnssyni arkitekt og Þóri, sem síðar varð formaður ÍR, falið að hefja undirbúning nýja svæðisins í Fossvogi. Það fyrsta sem byggingarnefnd þessi komst á snoðir um var að borgaryfirvöld áformuðu að þrengja enn frekar en búið væri að fyrirhuguðu íþróttasvæði ÍR í Fossvogi með úthlutun lóða við Traðarland. Fór hún fram á að úthlutunin yrði látin bíða, a.m.k. þar til búið væri að skipuleggja íþróttasvæðið en því ætlaði nefndin að hraða.



Á 90 ára afmælishátíð ÍR á hlaupabrautinni en mikill fjöldi tók þátt í boðhlaupi barna.

Borgarverkfræðingur taldi sig ekki geta orðið við þeirri beiðni ÍR og heldur ekki því að félagið fengi þá þegar um sumarið aðstöðu á svæðinu. Sömuleiðis fékk félagið litlar undirtektir hjá borgarráði og borgarfulltrúum er það fór þess formlega á leit í júlí 1969 að framkvæmdum við byggingu Traðarlands yrði frestað og einnig úthlutun lóðanna milli Traðarlands og Sævarlands á meðan verið væri að skipuleggja ÍR-svæðið.

Þar sem byggingarnefndinni fundust undirtektir borgaryfirvalda heldur daufar þótti henni rétt að kanna ábendingar Sigurjóns og fleiri um íþróttasvæði í

Breiðholti. Að lokinni ítarlegri gagnaöflun um skipulag Breiðholtshverfis og áform þar boðaði nefndin til fundar í september með áhugasömum félagsmönnum um málið. Þar urðu talsverð átök og umræður heitar sem fyrr. Gunnar Sigurðsson skýrði frá því að Reykjavíkurborg legði áherslu á að ÍR flytti íþróttasvæði sitt í Breiðholtshverfi og taldi of margt neikvætt komið fram varðandi Fossvogshverfið til að félagið fengi þrifist þar.

Sigurður Steinsson hélt við sína fyrri afstöðu og vildi að ÍR sendi áskorun til borgaryfirvalda um að hraða úthlutun svæðisins í Fossvogsdal því að í Breiðholtið yrði aldrei farið. Rúnar Bjarnason vildi fara bil beggja og lagði til að félagið skipti starfsemi sinni milli svæða. Yrði í Fossvogi með þær greinar sem þegar væru starfræktar en aðrar greinar í Breiðholti. Reynir Sigurðson taldi að félagið hefði ekki fjármuni til að byggja í Fossvogsdal, vænlegra væri að fara í Breiðholtið þar sem íþróttaaðstöðu vantaði fyrir unga fólkið þar. Sigurjón Þórðarson sagðist telja að borgin myndi byggja fyrir ÍR aðstöðu í Breiðholti og félagið hefði ekki efni á að slá hendinni á móti því. Mikill íbúafjöldi í framtíðinni yrði gott bakland.

Haldið var upp á 95 ára afmæli ÍR á eftirminnanlegan hátt m.a. með viðburði á tartan-hlaupabrautinni á ÍR-svæðinu.

Ágúst Björnsson vildi að höndum yrði ekki sleppt af svæðinu í Fossvogsdal fyrr en ljóst væri að aðstaða í Breiðholti yrði á þann veg að viðunandi væri fyrir félagið.

Veðravíti talið vera í Breiðholti en veðursæld í Fossvogi

Tekist var meðal annars á um það á fundinum hvort veðursæld væri meiri í öðru hverfinu en hinu og sögðu sumir veðurfar ekki sambærilegt í þeim. Auk Sigurðar Steinssonar taldi Hörður Björnsson hugsanlegt að veðravíti væri í Breiðholti. Rúnar Steindórsson hélt því hins vegar fram að meiri veðursæld væri í Breiðholti en í miðborg Reykjavíkur.

Greinilegt var að starfandi félagar í deildunum voru fylgjandi hugmyndinni um Breiðholtið, þar væri félagið með fólkinu, borgaryfirvöld myndu láta byggja íþróttahús og íþróttavelli um leið og hverfið byggðist upp, stutt yrði fyrir íbúa hverfisins að sækja æfingar og ÍR mundi á fáum árum eignast sterkan hverfiskjarna innan borgarinnar.

Aðrir félagar, aðallega þeir eldri, vildu halda fast við Fossvogssvæðið, þar væri veðurblíða, logn og hiti á sólardögum, ÍR væri gamalt og gott rótgróið félag og ætti að setja metnað sinn í að eiga eigið íþróttasvæði og þangað myndu ÍR-ingar sækja alls staðar að úr bænum.

Byggingarnefndin ákvað mánuði síðar, í október 1969, að snúa kröftunum meira að Breiðholtinu og var Herði Björnssyni falið að gera tillögu að félagsheimili fyrir ÍR í Breiðholti III og ræða við Geirharð Þorsteinsson verkfræðing um hugsanlega stærð og staðsetningu. Skissa að því var lögð fyrir íþróttafulltrúa borgarinnar vorið 1970 og þar var rætt um staðsetningu hússins og fyrirkomulag á íþróttasvæðinu. Úr þessu miðaði málum frekar hægt en formlega var ákveðið á aðalfundi ÍR 2. júní 1970, þremur árum upp á dag eftir að ákveðið var að hefjast handa við íþróttasvæði í Fossvogsdal, að félagið flytti starfsemi sína í Breiðholt.

Nágrannarnir vildu ekki ÍR

Í skýrslu stjórnar félagsins fyrir starfsárið 1970–71 segir um íþróttasvæði þess í Breiðholti að gerðar hafi verið ítrekaðar tilraunir til að fá félagslega aðstöðu í Breiðholtshverfinu. Athugað hafi verið með kaup á einbýlishúsi en það strandað á því að nágrannarnir settu sig á móti því að félagsheimili yrði starfrækt í miðju einbýlishúsahverfi. Leitað var til borgarinnar um möguleika á lóð fyrir lítið félagsheimili, t.d. í verslunarsamstæðu, þar til möguleiki væri fyrir hendi að byggja heimili á íþróttasvæðinu. Lóðarumsókn var send 8. júní 1971 og lyktaði málinu með því að borgin leigði ÍR frá nóvember 1972 húsnæði við Arnarbakka sem gekk undir nafninu Grenið. Var það innréttað og notað sem félagsheimili og búningsherbergi í sambandi við leikvöll, sem var þar fyrir utan. Húsnæðið keypti síðan ÍR af borginni í júní 1978 en þá lágu fyrir loforð af borgarinnar hálfu um að ÍR fengi framtíðarsvæði í Breiðholti III. Grenið seldi ÍR Skátasambandi Reykjavíkur árið 2000.

Umsókn um lóð fyrir félagsheimili var send borgarráði 11. mars 1972. Ráðið sendi umsóknina til samstarfsnefndar, sem fjalla átti um skipulag íþrótta-, skóla- og útivistarsvæðisins í Breiðholti III, og til íþróttaráðs. Tafðist málið í meðförum þessara stofnana, sem forráðamönnum félagsins fannst bagalegt því þeir töldu að landvinningar yrðu erfiðir í Breiðholti meðan félagslega aðstöðu skorti þar. Eftir að nýtt íþróttafélag, Leiknir, var stofnað í Efra-Breiðholti beindust öll framtíðaráform ÍR-inga að Mjóddinni.

Svo sem fyrr gengu málin ekki þrautalaust fyrir sig. Þótt félagið væri orðið heimavant í Breiðholti og hefði ákveðið að helga sér land í Mjóddinni tók nokkur ár að fá botn í það. Árið 1976 sótti stjórnin um u.þ.b. 5.000 fermetra lóð þar. Samþykkti borgarráð að ÍR skyldi njóta þar forgangs, en samkvæmt skipulagsáformum fyrir svæðið var gert ráð fyrir að þar risi mikið íþróttasvæði.

Þegar stjórn Þóris Lárussonar formanns, sem vann mjög ötullega að aðstöðumálum ÍR í Breiðholti, gaf skýrslu um stöðu mála á aðalfundi árið 1978 var öruggt orðið að ÍR fengi úthlutað um 5,5 hektara landi í Mjóddinni fyrir íþróttahús og velli. En stjórnin hafði fengið nóg af glímunni við borgarkerfið, sem enn einu sinni reyndist félaginu þungt í skauti því í skýrslu stjórnarinnar sagði: „Það er með eindæmum hvað kerfisálfum borgarinnar ætlar að reynast erfitt, í eitt skiptið enn, að ákveða lögun og endanlega stærð svæðis fyrir ÍR. Ekki verða raktar eldri sorgarsögur um úthlutanir til ÍR, en eitt er víst að stjórnin hefur átt fullt í fangi með að fylgjast með hvar málið er á hverjum tíma. Svona mál virðast velkjast sem tóm tunna í úthafi kerfisins. Eftir viðræður við borgarstjóra sl. vor samþykkti Íþróttaráð Reykjavíkur að mæla með því við borgarráð, að ÍR fengi úthlutað lóð í Mjóddinni og vísaði borgarráð málinu til skipulagsstjóra er fól Teiknistofunni Ármúla að taka tillit til þessa, en Teiknistofan sér um deiliskipulag í Mjóddinni. Aðalskipulag í Breiðholti annast Teiknistofan Höfði og hefir hún ekki getað fallist á hugmyndir að deiluskipulagi því er Teiknistofan Ármúla hefir gert og eru málin á því stigi í dag. Þá hefur Íþróttaráði ríkisins verið send ósk um, að það mæli með því við menntamálaráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis, að framkvæmdir ÍR á svæðinu verði styrkhæfar. Það verður að fylgjast mjög vel með þessu máli á öllum vígstöðvum, svo að ekki fari eins og oft áður. Stjórnin hefur ekki viljað skipa byggingarnefnd fyrr en lóðin hefur verið afhent bréflega, en til ráðuneytis stjórninni hefur verið Björn Kristleifsson arkitekt.

Málið loks í höfn er 13. teikningin að skipulagi í Mjódd var lögð fram

Lóðamál ÍR tóku nýja stefnu eftir að pólitískar breytingar á stjórn borgarinnar höfðu átt sér stað sumarið 1978. Út af fyrir sig óttuðust forystumenn félagsins breytingarnar ekki í byrjun því embættismannakerfið var á sínum stað. Stjórn ÍR þótti þó sem lóðarúthlutunin væri að renna út í sandinn með þeirri ákvörðun skipulagsnefndar Reykjavíkur í júní 1979 að fram skyldi fara samkeppni um skipulag allrar Mjóddarinnar og þar með ÍR-svæðið. Við það gat félagið engan veginn unað. Borgarráði var skrifað bréf, málsmeðferðinni mótmælt og þess krafist að lóðin skyldi útmæld. Stóð í stappi milli stjórnarinnar og skipulagsyfirvalda en allt kom fyrir ekki. Kom sér vel að heiðursformaður félagsins, Albert Guðmundsson, átti sæti í borgarráði og þar reyndist félagið eiga hauk í horni. Hélt hann ráðinu við efnið.

Þar sem málið sat nú fast og ekki vilji fyrir hendi hjá borgaryfirvöldum að leysa það var því komið á framfæri á borgarráðsfundi, að ÍR vildi nú fá lóð sína í Fossvogi, sem það hafði ekki afsalað sér, mælda út. Þannig sóðu málin þá að Víkingi hafði verið úthlutað svæðinu og voru nú góð ráð dýr. Þurfti fimm fundi hjá borgarráði til að fá það til að fallast á, að fjölmennasta byggð landsins og sú barnflesta þyrfti á íþróttaathafnasvæði að halda. En þar með var málið ekki í höfn því nýráðnir arkitektar félagsins, Björn Kristleifsson og Þórarinn Þórarinsson, ásamt verkfræðingum Almennu verkfræðistofunnar, áttu eftir að þrauka marga fundi með Guðrúnu Jónsdóttur, forstöðumanni Þróunarstofnunar Reykjavíkurborgar, vegna hugmynda félagsins um skipulag íþróttasvæðisins. Athugasemdir voru gerðar af kerfinu við hverja tillögu ÍR af annarri og var það ekki fyrr en félagið lagði fram teikningu númer 13 sem málið komst í höfn. Flestum er 13 óhappatala en það átti þó ekki við um ÍR í þetta sinn því þrettánda tillagan að íþróttasvæðinu í Mjódd var samþykkt í skipulagsstjórn Reykjavíkur 17. desember 1979.

Á þessu stigi lá fyrir gróf kostnaðaráætlun Almennu verkfræðistofunnar að fyrsta áfanga framkvæmda á ÍR-svæðinu. Hljóðaði hún upp á 250 milljónir í október 1979 en þá var reiknað með því að svæðið allt yrði jafnað, gerður malarvöllur 110 x 74 metrar, reist 200 fermetra hús fyrir búnings- og baðaðstöðu ásamt gerð aðkeyrslu og bílastæða. Samþykkti borgarstjórn þá tillögu íþróttaráðs að ÍR fengi að framkvæma fyrir 60 milljónir árið 1980 en 1981 var félaginu úthlutað 90 milljónum í sama skyni.

Skóflustunga að framkvæmdum í Mjódd tekin 1980

Það var því merkisdagur í sögu ÍR er heiðursformaður félagsins, knattspyrnusnillingurinn góðkunni, Albert Guðmundsson, tók fyrstu skóflustunguna að framkvæmdunum í Mjódd hinn 26. júlí 1980. Samið var við Ístak um

Mikill fjöldi barna tók þátt í hlaupi á 90 ára afmælishátíð ÍR.

framkvæmdir. Hljóðaði fyrsta samningsgerð upp á töluverða efnisflutninga innan svæðisins, svo og gerð undirstöðu fyrir malarvöll, að upphæð 87 milljónir króna.

Framkvæmdum við ÍR-svæðið var sniðinn fremur þröngur stakkur með þeim fjárveitingum sem til þess voru ætlaðar hverju sinni. Á árunum 1981 og 1982 var eingöngu unnið að jarðvegsundirbúningi fyrir malarvöllinn, en haustið 1982 var ráðist í að kaupa 150 fermetra hús. Það var samsett úr einingum og var áður mötuneyti austur við Hrauneyjafossvirkjun. Eftir að samþykki borgaryfirvalda fyrir kaupunum var fengið varð að skipta kaupverðinu yfir á árin 1982 og 1983, en þar með voru fjárveitingar þessara ára til svæðisins fullnotaðar. Haustið 1983 var sett slitlag á völlinn og keypt mörk er

greidd skyldu af fjárveitingum ársins 1984. Í ársbyrjun 1984 var hafist handa um að innrétta böð, búningsherbergi og dálitla félagsaðstöðu í húsinu, en þegar upp var staðið var öll fjárveiting áranna 1984 og 1985 fullnotuð, svo engar framkvæmdir gátu átt sér stað á árinu 1985.

Sú von formanns ÍR, Þóris Lárussonar, í ræðu í 75 ára afmælishófi í mars 1982 að hin unga knattspyrnudeild félagsins gæti tekið svæðið í notkun þá um sumarið rættist því ekki. Bíða varð tvö ár til viðbótar en félagssvæði ÍR í Mjóddinni var formlega tekið í notkun 31. maí 1984. Var boðið til kaffisamsætis í hinu nýja húsnæði og var ræðumaður dagsins af þessu tilefni Matthías Johannessen, skáld og ritstjóri Morgunblaðsins. Var það vel

Glæsilegur gervigrasvöllur á ÍR-svæðinu, bæði flóðlýstur og upphitaður.

til fundið því hann er sonur Haralds Johannessen fyrrverandi formanns, sem helgaði félaginu og aðstöðumálum þess krafta sína í áratugi og átti heiðurinn af því að ÍR eignaðist íþróttahús, fyrst íslenskra íþróttafélaga.

Áfram voru fjárveitingar til ÍR-svæðisins af skornum skammti. Engar framkvæmdir áttu sér stað 1985 þar eða fjárveiting þess árs fór í að greiða framkvæmdir frá 1984. Á árinu 1986 var unnið við undirbúning vegna girðingar og keypt girðing umhverfis malarvöll. Á árinu 1987 var lokið við girðingarnar og moldarundirlag undir grasvöll. Þá var deiliskipulagi Mjóddarinnar breytt af Reykjavíkurborg 1987 og vestasti hlutinn tekinn af ÍR-svæðinu en í staðinn var það stækkað til norðurs. Er svæðið nú um níu hektarar.

Vandað var mjög til undirvinnu grasflatarinnar, sem rúmar þrjá knattspyrnuvelli. Hefur reynslan af svæðinu staðfest það. Vinnu við moldarlag grasvallarins lauk í árslok 1987 og þurfti þá svæðið að síga í átta mánuði áður en framkvæmdir við burðarlög gætu hafist. Það verk hófst seint á árinu 1988 og síðsumars 1989 náðist það takmark að pökur voru lagðar á allt vallarsvæðið sem er 21.000 fermetrar.

Miklar framkvæmdir aðrar voru við ÍR-svæðið 1989, s.s. jarðvegsvinna við bílastæði, girðingar o.þ.h. Sú fjárveiting sem ÍR fékk á árinu, átta milljónir, dugði þó engan veginn fyrir þessum framkvæmdum, en með vilyrði borgaryfirvalda um áframhaldandi fjárveitingar í vasanum gengu formaður félagsins, Hólmsteinn Sigurðsson, og formaður byggingarnefndar, Þórir Lárusson, í sjálfsábyrgð fyrir þeim lánum sem taka þurfti til að ljúka grasvellinum.

Stærstur hluti fjárveitinga Reykjavíkurborgar til ÍR 1990, 12 milljónir, fór í að greiða upp þessi lán. Auk þess voru keypt ný mörk fyrir völlinn og vökvunarbúnaður. Var hann tekinn í notkun á miðju sumri 1990. Sama ár voru lagðar inn til borgarinnar teikningar af félagsheimili með böðum og búningsklefum og tengibyggingu við væntanlegt íþróttahús. Engin fjárveiting fékkst þó árið 1991 til þeirra framkvæmda.

Hátíðarstund er framkvæmdir við ÍR-heimilið hófust 1992

Þriðji merkisáfanginn í sögu Mjóddarsvæðisins náðist 14. júlí 1992 og var vor í lofti í huga ÍR-inga. Fjöldi ungra sem eldri félagsmanna lagði leið sína í Skógarsel síðdegis. Í uppsiglingu var hátíðarstund þar sem undirritað skyldi samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Íþróttafélags Reykjavíkur um 79 milljóna króna styrk borgarinnar til byggingar félagsheimilis og vallarhúss við íþróttasvæði félagsins í Breiðholti. Tími var kominn til að leysa af hólmi bráðabirgðahúsnæði sem staðið hafði við velli félagsins í áratug. Af borgarinnar hálfu rituðu undir samninginn Markús Örn Antonsson borgarstjóri og Júlíus Hafstein, formaður ÍTR, en fyrir ÍR Hólmsteinn Sigurðsson formaður og Þórir Lárusson. Framkvæmdir hófust samdægurs og tók Markús Örn fyrstu skóflustunguna.

Þar skyldi rísa nýtt ÍR-heimili sem hannað hafði verið árið áður af arkitektunum Agli Guðmundssyni og Þórarni Þórarinssyni og samþykkt af byggingarnefnd nokkrum dögum fyrir hátíðarstundina. Var það alls 1.271 fermetri, kjallari og tvær hæðir. Í kjallara var gert ráð fyrir rúmlega 300 fermetra fjölnota íþróttasal, á 1. hæð búningsklefum, sturtum, tækjageymslum, aðstöðu fyrir þjálfara, dómara og húsvörð. Á annarri hæð félagsheimili með aðstöðu fyrir deildir auk samkomusalar og eldhúss. Kostnaðaráætlun vegna hússins og bílastæða var 98,75 milljónir og hlutur Reykjavíkurborgar því 79 milljónir. Það sem á vantaði hugðist félagið að mestu leggja fram í formi sjálfboðavinnu eða með framlögum frá félagsmönnum. Veitti borgin 15 milljónir til framkvæmda 1992 og sömu upphæð 1993 og 1994.

Samið var um framkvæmdir við Hagvirki-Klett um svokallaða alverktöku. Borgin skuldbatt sig til að greiða upp styrk sinn á fimm árum. Sú stefna var tekin að byggja húsið í einum áfanga og náðust hagstæðir samningar við Búnaðarbankann um lán vegna styrkgreiðslna áranna 1994–97. Húsið varð fokhelt á vormánuðum 1993 og seint á árinu var hægt að taka íþróttasal í kjallara í notkun. Svo mikið lá á að taka húsið í notkun að aðalfundur félagsins var haldinn í fokheldum sal á efstu hæðinni 18. september 1993. Nýr formaður var kjörinn á þeim fundi, Þorbergur Halldórsson.

ÍR-heimilið við Skógarsel var formlega tekið í notkun með vígsluathöfn

11. mars 1995, á stofndegi félagsins. Af því tilefni höfðu deildir félagsins sett upp sögusýningu þar sem boðið var upp á mikinn fróðleik úr sögu félagsins í máli og myndum. Með vígslunni náðist sá áfangi að allar deildir félagsins störfuðu aftur undir sama þaki. Í millitíðinni hefur uppbyggingu á svæðinu verið haldið áfram. Æfinga- og keppnisvöllum fjölgaði smám saman og þar var tekin í notkun aðstaða til æfinga og keppni í frjálsíþróttum haustið 1996. Loks var stór og fullkominn gervigrasvöllur tekinn í notkun haustið 2006.

Í ágúst 2004 samþykkti stjórn ÍTR að hefja viðræður við ÍR um byggingu íþróttahúss á félagssvæði við Skógarsel. Í þeirri samþykkt sagði að stefnt skyldi að því að nýtt íþróttahús ÍR yrði vígt á 100 ára afmæli félagsins árið 2007. Í október lá fyrir ítarleg þarfagreining, unnin af öllum deildum félagsins, og í janúar 2005 gerði Arkitektastofan ARKÍS fyrstu rýmisáætlunina sem byggð var á þeirri greiningu. Hljóðaði hún upp á 6.954 fermetra. Málinu miðaði afar hægt úr þessu en næsta markverða skref var að 1. desember 2005 lagði fulltrúi framkvæmdasviðs borgarinnar fram einhliða rýmisáætlun þar sem húsið hafði verið minnkað um rúma 1.300 fermetra og gaf þá skýringu að húsið yrði að minnka.

Forsvarsmenn félagsins og deilda þess voru lítt hrifnir af þessu og þóttu undirtektir borgarinnar við þörfum félagsins lélegar og voru svartsýnir á að úr rættist. Á fund þeirra í byrjun desember var boðaður góður og gegn ÍR-ingur, Sigfús Jónsson, frá fasteignafélaginu Nýsi. Upplýsti hann þá um svonefnda einkaframtaksleið við byggingu íþróttamiðstöðva. Hlutu hugmyndir hans um möguleika á þeirri leið á félagssvæði ÍR góðar undirtektir. Margir fundarmanna töldu að athuga bæri þá leið því hún tryggði betri og fjölbreyttari aðstæður til íþróttaiðkana á svæðinu og málið þyldi enga bið.

Þetta kann að hafa ýtt við forsvarsmönnum hjá Reykjavíkurborg því fljótlega kom annað hljóð í strokkinn af þeirra hálfu og nú vildu þeir allt gera fyrir félagið á grundvelli þarfagreiningar þess. Um miðjan janúar 2006 staðfesti formaður ÍTR og framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar að 800 milljónir króna væru komnar á áætlun til þriggja ára, 2007–2009, til byggingar íþróttahúss ÍR. Borgarstjórn samþykkti áætlunina 21. febrúar 2006 og upp úr því voru lögð drög að því að hefja hönnun og undirbúning framkvæmda er hafist gætu ekki seinna en í byrjun árs 2007 á 100 ára afmælisári ÍR.

Ný aðalstjórn ÍR skipaði síðsumars 2006 byggingarnefnd til að fara með málefni væntanlegs íþróttahúss félagsins. Hana skipa Haukur Þór Haraldsson viðskiptafræðingur, sem er formaður nefndarinnar, Hróbjartur Jónatansson lögfræðingur, Ólafur Jón Sigurðsson tæknifræðingur, Runólfur Sveinsson tæknifræðingur og Valdimar Jónsson verkfræðingur. Eftir ítarlega skoðun hennar á fyrri hugmyndum og nýjar og breyttar óskir deilda um aðstöðu í húsinu kom í ljós, við nýja rýmisgreiningu, að nýtt íþróttahús ÍR þyrfti að vera um 6.200 fermetrar. Var það svipað fyrri óskum en því húsi reyndi borgin að koma niður í 4.500 fermetra. Stærra húsið myndi mæta þörfum allra deilda fyrir aðstöðu. Þegar þessar línur voru ritaðar var unnið að framgangi málsins gagnvart Reykjavíkurborg því ljóst þótti að sú fjárhæð sem eyrnamerkt var húsinu snemma ársins 2006 dygði ekki fyrir húsi með aðstöðu fyrir allar deildir ÍR. Vonir voru bundnar við að málinu miðaði það hratt að hægt væri að hefja hönnun hússins á afmælisárinu og hægt yrði að bjóða út og jafnvel hefja framkvæmdir seint á árinu. Hóflegt þótti mega ætla að húsið gæti verið komið í notkun snemma ársins 2009.

Gríðarleg breyting hefur orðið í starfsemi ÍR á einni öld. Nokkrar deildir hafa komið og farið á þessum tíma. Ein er þó sú íþrótt sem félagið hefur stundað samfellt í hundrað ár, frjálsíþróttir. Eftir flutninginn í Breiðholt hefur knattspyrna verið endurvakin í ÍR og stofnuð deild um hana. Ennfremur hafa fjórar nýjar deildir bæst við eftir flutninginn, fyrir taekwondo, keilu, dans og júdó. Áratugum saman sáu formaður félagsins og gjaldkeri um daglegan rekstur þess, með fáum undantekningum þegar framkvæmdastjórar störfuðu tímabundið í hlutastarfi. Á þessu varð mikil breyting eftir að félagsheimili ÍR reis við Skógarsel í Breiðholti, ekki síst með ráðningu sérstaks framkvæmdastjóra félagsins, Þorbergs Eysteinssonar, árið 1996. Með vaxandi umsvifum og auknu hlutverki félagsins hefur starfsmönnum þess fjölgað og meðal þeirra er sérstakur íþróttafulltrúi frá árinu 2004. Með tilkomu hans var markmið ÍR að efla íþróttastarfsemi og tryggja íbúum hverfisins fyrsta flokks þjónustu með hliðsjón af íþróttanámsskrá félagsins. Á verksviði íþróttafulltrúa ÍR er og hefur verið fagleg uppbygging og skipulag þjálfunar og félagsstarfs, að sinna forvarnamálum, að tryggja samstarf við önnur félagasamtök í Breiðholtinu, markaðssetning íþrótta í hverfinu og rekstur íþróttaskóla.



ÍR-heimilið við Skógarsel.

Þá varð gjörbreyting á grundvelli félagsstarfsins er gerður var sérstakur þjónustusamningur milli ÍR og Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur (ÍTR), sem Þorbergur Halldórsson, formaður ÍR, og Anna Kristinsdóttir, formaður ÍTR, undirrituðu 30. júní 2005. Með honum var ÍR raunverulega orðið hverfafélag fyrir Breiðholtið og meðhöndlað sem

slíkt af hálfu borgarinnar. Því fylgdu ákveðnar kvaðir og skyldur á báða bóga. Forsenda fyrir því að hægt var að semja um samstarf við borgina var að ÍR var með fyrstu félögum í landinu til að koma sér upp sérstakri íþróttanámskrá árið 2000. Var hún unnin að undirlagi Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) og varðar félagið sjálft og skipulag íþróttastarfsemi þess. Námskráin er varðveitt í sérstakri handbók og kveður m.a. á um uppbyggingu félagsins, þjálfun og þroska, skipulag þjálfunar o.þ.h.

Með samningnum við ÍTR þurftu forsvarsmenn félagsins ekki lengur að ganga eins og ölmusumenn fyrir yfirvöld og bíða í óvissu ár eftir ár eftir fyrirgreiðslu og vita aldrei hvers mætti vænta. Með samningnum fékk og félagið ákveðinn fjárhagslegan grundvöll, hafði fast land undir fótum og skipti samningurinn við ÍTR því sköpum fyrir rekstur ÍR. Félagið knúði á um samninginn og kostaði það Þorberg formann mikla fyrirhöfn. Varði hann miklum tíma í að knýja á um að félagið fengi hann.

Það var ekki minni áfangi er ÍR var fyrst íþróttafélaga í borginni valið árið 1999 til að reka íþróttaskóla í grunnskólum borgarinnar. Þar er boðið upp á tvo viðbótartíma í íþróttum og leikfimi í framhaldi af venjulegum skólatíma í fimm skólum hverfisins. Fyrsta árið var Íþróttaskóli ÍR í grunnskólum Breiðholts miðaður við 1. og 2. bekk en eftir það fyrir fyrsta bekk einvörðungu. Í skólanum hafa börnin notið íþróttakennara á vegum ÍR í almennri leikfimi og íþróttum. Hefur þjónusta þessi verið veitt íbúum hverfisins ókeypis. Aðsókn að íþróttaskólanum hefur verið góð. Allt upp í 90% barnanna hafa sótt hann að staðaldri en yfirleitt þó á bilinu 60–90%. Má segja að í skólanum sé lagður hyrningarsteinn að íþróttalegri framtíð ÍR.

Þegar horft er yfir farinn veg í sögu Íþróttafélags Reykjavíkur má segja að stjórnendur félagsins hafi í seinni tíð og alla tíð starfað í anda frumkvöðlanna; þeirra sem stofnuðu félagið 11. mars 1907 og voru í forystu þess framan af. Hugsjónamanna sem ruddu veginn fyrstu áratugina og hiklaust og í hvívetna héldu fram stefnu félagsins um gagnsemi íþróttaiðkunar, innan húss sem utan. Þær styrku stoðir sem þeir reistu standa enn, stoðir gróskumikils starfs er sett hefur sitt mark á þjóðlífið, stoðir sem duga munu um ókomna framtíð ef menn missa ekki sjónar á tilgangi og takmarki félagsins. Í kveri sem ÍR gaf út árið 1932 í tilefni 25 ára afmælis félagsins skrifaði Haraldur Johannessen: „Aldarfjórðungsafmæli Íþróttafélags Reykjavíkur ætti að vera hátíðlegt haldið um land allt. Með stofnun þess, 11. mars 1907, er stigið svo stórt spor í áttina til heilbrigði, hreysti og yfirleitt til karlmennsku og drenglyndis, að fáar félagsstofnanir geta mælt sig eftir þessum mælikvarða betur en ÍR.“ Hafi verið ástæða til að þjóðin héldi 25 ára afmæli ÍR hátíðlegt er ef til vill ekki minni ástæða til þess að hún fagni á 100 ára afmælinu 2007.

24 menn hafa setið á formannsstóli

Frá upphafi vega hafa 24 menn gegnt formennsku í Íþróttafélagi Reykjavíkur. Tveir þeirra, Helgi Jónasson frá Brennu og Haraldur Johannessen, hafa nokkrum sinnum verið formenn félagsins. Í seinna skiptið sem Andreas J. Bertelsen tók við formennsku entist honum ekki heilsa til starfans nema í mánuð og tók varaformaðurinn, Helgi frá Brennu, þá við. Var það í þriðja sinn sem hann fór fyrir félaginu en Haraldur gerði það fjórum sinnum.

Lengst hefur setið á formannsstóli Þorbergur Halldórsson eða í 13 ár, frá 1993–2006. Ellefu ár sat Helgi frá Brennu og Þórir Lárusson í átta. Formenn félagsins hafa annars verið:



Andreas J. Bertelsen formaður ÍR, 1907–1911 og í 1. mánuð 1934

Jón Halldórsson formaður ÍR, 1911–1914

Benedikt G. Waage fomaður ÍR, 1914–1917

Helgi Jónasson frá Brennu formaður ÍR, 1917–1925, 1927–1929 og 1934–1935



Haraldur Johannessen fomaður ÍR, 1925–1927, 1929–1931, 1939–1940 og 1943–1944



Þorsteinn Sch. Thorsteinsson formaður ÍR, 1931–1932

Sigurliði Kristjánsson formaður ÍR, 1932–1934

Jón J. Kaldal formaður ÍR, 1935–1939

Torfi Þórðarson formaður ÍR, 1941–1943

Þorsteinn Bernharðsson formaður ÍR, 1944–1945



Sigurpáll Jónsson formaður ÍR, 1945–1948

Axel Konráðsson formaður ÍR, 1948–1951

Gunnar Steindórsson formaður ÍR, 1951–1953

Jakob Hafstein formaður ÍR, 1953–1958

Albert Guðmundsson formaður ÍR, 1959–1961



Sigurjón Þórðarson formaður ÍR, 1961–1962

Reynir Sigurðsson formaður ÍR, 1962–1965

Sig. Gunnar Sigurðsson formaður ÍR, 1965–1972

Ásgeir Guðlaugsson formaður ÍR, 1972–1977

Þórir Lárusson formaður ÍR, 1977–1985



Ágúst Ásgeirsson formaður ÍR, 1985–1986

Hólmsteinn Sigurðsson formaður ÍR, 1986–1993

Þorbergur Halldórsson formaður ÍR, 1993–2006

Úlfar Steindórsson formaður ÍR, 2006–

Útnefndir heiðursfélagar ÍR 11. mars 1995. F.v. Þorsteinn Bernharðsson, Einar Ólafsson og Finnbjörn Þorvaldsson.

Heiðursfélagar ÍR

Heiðursfélaga hefur ÍR útnefnt í tímans rás en það er æðsti heiður sem félagið veitir í þakklætisskyni fyrir dygga þjónustu í þágu félagsins eða annað framlag. Eftirtöldum hefur hlotnast þessi heiður og fylgir dagsetning útnefningar á eftir nafni viðkomandi:

Andreas J. Bertelsen
11.3. 1917
Björn Jakobsson
11.3. 1922
Benedikt G. Waage
11.3. 1927
Helgi Jónasson frá Brennu
11.3. 1927
Steindór Björnsson frá Gröf
11.3. 1927
Þorsteinn Sch. Thorsteinsson
11.3. 1927
Jón Halldórsson
11.3. 1931
Sveinn Björnsson, forseti
11.3. 1932
Matthías Einarsson
11.3. 1932
Sverre Gröner
11.3. 1932
Ólafur Johnson
11.1. 1939
Jón Kaldal
3.3. 1947
Ásgeir Ásgeirsson, forseti
27.10. 1954
Guðmundur Hofdal
14.4. 1958
Sigurliði Kristjánsson
26.2. 1960
Dóra Þórhallsdóttir, forsetafrú
15.6. 1961
Magnús Þorgeirsson
17.6. 1977
Halldóra Guðmundsdóttir
26.3. 1982
Laufey Einarsdóttir, fimleikar
26.3. 1982
Guðmundur Þórarinsson
24.10. 1987
Einar Ólafsson
11.3. 1995
Finnbjörn Þorvaldsson
11.3. 1995
Þorsteinn Bernharðsson
11.3. 1995
Gísli B. Kristjánsson
12.9. 2002
Hákon Bjarnason
12.9. 2002
Magnús E. Baldvinsson
12.9. 2002
Rúnar Steindórsson
12.9. 2002

Íþróttamenn ÍR útnefndir frá 1992

Íþróttamaður ÍR var útnefndur í fyrsta sinn fyrir árið 1992. Fyrir valinu varð Einar Vilhjálmsson frjálsíþróttamaður. Fyrstu árin var einungis einn útnefndur íþróttamaður félagsins en fyrir árið 1998 var reglum breytt og útnefnd íþróttakarl og íþróttakona ÍR. Hólmsteinn Sigurðsson, formaður ÍR, gaf farandbikar sem sá er nafnbótina hlaut fékk til varðveislu.

Eftir að sá siður var tekinn upp að útnefna íþróttamann ÍR af hvoru kyni fyrir sig hafa viðkomandi fengið verðlaunagrip auk þess sem nöfn þeirra hafa verið grafin á bikar sem varðveittur er í ÍR-heimilinu.

Íþróttamenn og -konur ÍR hafa verið kjörin sem hér segir:

Einar Vilhjálmsson, frjálsíþróttir
1992
Martha Ernstsdóttir, frjálsíþróttir
1993
Martha Ernstsdóttir
1994
Herbert Árnason, körfuknattleikur
1995
Vala Flosadóttir, frjálsíþróttir
1996
Kristján Halldórsson, knattspyrna
1997
Vala Flosadóttir og
Ásgeir Þór Þórðarson, keila
1998
Vala Flosadóttir og Ragnar Þór Óskarsson, handknattleikur
1999

Útnefning heiðursfélaga ÍR 12. september 2002. F.v. Hákon Bjarnason, Magnús E. Baldvinsson, barnabarn Gísla Kristjánssonar og Rúnar Steindórsson.

Vala Flosadóttir og
Einar Karl Hjartarson, frjálsíþróttir
2000
Fríða Rún Þórðardóttir, frjálsíþróttir og Eiríkur Önundarson, körfuknattleikur
2001
Karen Björk Björgvinsdóttir, dans og Einar Friðrik Hólmgeirsson, handknattleikur
2002
Karen Björk Björgvinsdóttir og Adam Reeve, dans
2003
Kristín Birna Ólafsdóttir, frjálsíþróttir og Ingimundur Ingimundarson, handknattleikur
2004
Kristín Birna Ólafsdóttir og Tryggvi Haraldsson handknattleikur
2005

ÍR-ingar sem kjörnir hafa verið íþróttamenn ársins

Fyrstu átta árin sem Samtök íþróttafréttamanna útnefndu íþróttamann ársins komu verðlaunin og sæmdarnafnbótin í hlut ÍR-inga. Þar af áttu frjálsíþróttamenn átta sinnum í hlut. Vilhjálmur Einarsson var kjörinn fyrstu þrjú árin, 1956–58, og aftur 1960–61 en enginn hefur unnið jafnoft til verðlaunanna og hann. Valbjörn Þorláksson hlaut þau 1959, Guðmundur Gíslason sundgarpur 1962 og Jón Þ. Ólafsson 1963. Varð þá nokkurt hlé á að verðlaunin kæmu í hlut ÍR-ings. Erlendur Valdimarsson var kjörinn íþróttamaður ársins 1970 og Óskar Jakobsson 1982 og síðasti ÍR-ingurinn til að hampa þeim er Vala Flosadóttir, árið 2000. Valbjörn hlaut verðlaunin 1965 og Guðmundur 1969 en þá voru þeir gengnir til liðs við önnur félög. Meðal íþróttamanna sem kepptu og áttu farsælan feril með ÍR og hafa verið kjörnir íþróttamenn ársins eru Einar Vilhjálmsson (1983, 1985 og 1988) og Eiður Smári Guðjohnsen knattspyrnukappi (2004 og 2005).

Kapólska kirkjan á sínum stað, við Túngötu, áður en henni var breytt í íþróttahús ÍR og flutt ofar í götuna.

ÍR-merkið njörvað niður

Enginn er sá félagsskapur sem ekki á sitt eigið táknmerki. ÍR kom sér upp slíku merki á fyrsta áratug starfseminnar. Það tók fljótlega talsverðum breytingum en um tíma voru tvö merki notuð, meðan fáni með því eldra entist. Um dagana hefur skjöldurinn birst í ýmsum útgáfum. Bæði hafa hlutföll skjaldarins verið ólík og einnig hinn blái litur á grunni þess. Með tilkomu tölvutækninnar var enn auðveldara að toga merkið og teygja á alla kanta. Af þessum sökum var gripið til þess ráðs að fá ÍR-merkið skilgreint og rétt skráð. Fól aðalstjórn félagsins arkitekt félagsins, Þórarni Þórarinssyni, það verk árið 1996. Niðurstaðan var svohljóðandi skilgreining: Félagsmerkið er skammstöfunin með hvítum stöfum á bláum skildi. Nærri brún skjaldarins er hvít rönd. Blár litur merkisins er Pantone 286 C. Hlutföll merkisins eru breidd á móti hæð 1 á móti 1,6, hlutföll gullinsniðs. Innbyrðis hlutföll einstakra litaflata eru einnig í hlutföllunum 1 á móti 1,6. Hæð skjaldarins á móti bogformi í neðri hluta hans er í hlutföllunum 1 á móti 1,6. Íhvolfur bogi efst í skildinum á móti samsíða hliðum hans deilist í hlutföllunum 1,4 á móti 1. Þarf því ekki lengur að fara í grafgötur um hvernig merki ÍR skuli vera.